



SKOÐUN Er gríðarlega erfitt að leyfa fullorðnu fólki að kaupa bjór út í búð? **12**



MENNING Brite Theater efnir til málfundar um kynblint hlutverkaval. **18**



LÍFID Vinkonurnar Júlíana og Vala skrifa og leika í nýjum grínsketsapætti. **26**



SPORT Gylfi enn maðurinn á bak við sigra Swansea í ensku úrvalsdeildinni. **22**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

10. nóvember 2014
264. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Sótt að ISIS

Alþjóðasamfélagið herðir sóknina gegn Íslamska ríkinu. Bandaríkjaforseti segir loftárásir hafa skilað miklu en þörf sé fyrir fótgönguliða. **10**

Ósáttur við kærui Eigandi Þórunnar-túns 4 segir eiganda Höfðahótelshéfta samkeppni og valda tjóni með því að kæra byggingarleyfi hótels hans. **2**

Aukning í heróíni Sjúklingar á Vogu hafa jafn oft nefnt heróíni í verðkönnun SÁÁ á þessu ári og á átta árum þar á undan. Yfirlæknir útilokar ekki að þetta tákni undanfara heróínneyslu hér á landi. **8**

Ráðherra Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir ákvörðun landbúnaðarráðherra um að synja Högum um innflutningskvóta á osti og lífrænt ræktuðum kjúklingi byggja á „lagatæknilegu atriði“. **11**

Synja fimmtán þúsund um leiðréttingu húsnæðisrána

Skuldaleiðrétting ríkisstjórnarinnar verður kynnt í Hörpu eftir hádegi í dag. Höfuðstóll verðtryggðs húsnæðisráns lækkar um 1,5 milljónir að meðaltali. Af 105 þúsund manns sem sóttu um fá níutíu þúsund leiðréttingu.

EFNAHAGSMÁL Þeir sem njóta skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar munu vera um 90 þúsund einstaklingar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þegar umsóknarfrestur rann út 1. september höfðu borist 69 þúsund umsóknir um skuldaleiðréttingu, og að baki þeim stóðu 105 þúsund einstaklingar. Því hafa umsóknir sem 15 þúsund manns standa að baki ekki uppfyllt skilyrði.

Skuldaleiðréttingin verður kynnt í Hörpu klukkan 13.30 í dag. Meðalleiðrétting á höfuðstóli verðtryggðs húsnæðisráns er rétt

um 1,5 milljónir króna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, um 25 þúsund krónur á mánuði.

Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði í viðtali í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun að leiðréttingin væri að meðaltali ein til tvær milljónir króna. Ásmundur sagði jafnframt að stærstur hluti leiðréttingarinnar rynni til fjölskyldna sem hafa tekjur undir sex milljónum króna á ári.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu ráðstöfunartekjur

þess hóps sem ber mest úr bítum hækka um 300 þúsund krónur á ári eða um 25 þúsund krónur á mánuði. Hversu fjölmennur sá hópur er fengust ekki upplýsingar um í gær, frekar en upplýsingar um greiðslur til einstakra hópa.

Skuldaleiðréttingin er á dagskrá ríkisstjórnarfundar klukkan 9.30. Í dagskrá fundarins mun standa að tekin verði fyrir „breytt fjármögnun skuldaleiðréttingarinnar“, en þetta orðalag fékkst ekki skýrt áður en blaðið fór í prentun.

Niðurstaðan sem kynnt verður í

300.000 kr.

er árleg hækking ráðstöfunartekna þeirra sem mest bera úr bítum

dag er fyrsta skrefið í aðgerð sem nær til fjögurra ára og mun kosta 80 milljarða króna þegar upp er staðið. Leiðrétting á hverju láni getur aldrei orðið hærri en fjórar milljónir króna. Á morgun getur hver og einn lantaki séð hversu mikið fasteignalán hans lækkar.

- shá



Bolungarvík	-2°	NA	6
Akureyri	-3°	A	5
Egilsstaðir	0°	A	6
Kirkjubæjarkl.	0°	NA	6
Reykjavík	-1°	NA	6

KALT Í VEDRI Í dag verða austan og norðaustan 5-10 m/s og yfirleitt þurr en 8-15 m/s syðra og stöku el A-til. Víða vægt frost en frostlaust við S-ströndina. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólki



LOKATÓNLEIKAR Tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves lauk í gærkvöld með stórtónleikum bandarísku sveitanna The War on Drugs og The Flaming Lips í Vodafone-höllinni. Hér sjást Adam Granduciel söngvari og félagar hans í The Wars on Drugs á sviðinu.

Heilbrigðar tennur

Flux
Flúormunnskol

Íslenskt sprotafyrirtæki er langt komið með þróun nýs lyfs úr þorskalýsi:

Lyf úr lýsi reynist hægðalosandi

NÝSKÖPUN Þróun og rannsóknir á fyrsta lyfi sprotafyrirtækisins Lipid Pharmaceuticals (LP) úr omega-3 þorskalýsi eru langt komnar. Lyfið er til meðhöndlunar á börnum og fullorðnum sem þjást af hægðatregðu.

„Hugmyndin í upphafi var að nota bólgueyðandi og sýkladrepani áhrif fitusýra úr lýsi til þess að framleiða augndropa við rauðum augum og vægum augnsýkingum. Lyktin var því miður ekki nógu aðlaðandi til þess að hugmyndin gengi upp,“ segir Guðrún M. Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri LP.

Þróun lyfsins hófst fyrir tíu árum. Þá var stefnan sett á að nýta eiginleika fitusýranna til að meðhöndla gyllinæð og bólgusjúkdóma í endabarmi. Stíllinn reyndist, nokkuð óvænt, hafa hægðalosandi áhrif í fyrstu öryggisprófunum hjá heilbrigðu fólki.

— shá / sjá síðu 6

Við vitum ekki um önnur íslensk frumlyf komin þetta langt í þróunarfásanum.“

Guðrún M. Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri LP.

NATURA ISLANDICA

Betri heilsa náttúrulega

Krækiberjahlki
rík af andoxunarefnum og hafa jákvæð áhrif á líkamann
www.naturaislandica.is

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

SPURNING DAGSINS



Bryndís, var framkvæmdastjórinn úti að aka?

„Strætó er alltaf úti að aka.“

Mercedes Benz bifreið Reynis Jónssonar, framkvæmdastjóra Strætó bs. verður seld. Bryndís Haraldsdóttir er formaður Strætó.

Félagsmenn Læknafélags Íslands gera vikuhlé á verkstöðvunum fram að nýju tveggja vikna verkfalli:

Aðeins skurðlæknar í verkfalli í vikunni

KJARAMÁL Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, segir engar verkfallsaðgerðir hjá sínum félagsmönnum í þessari viku. Verkfallið hefst að nýju mánudaginn 17. nóvember. Þá fara læknar aftur í tveggja vikna verkfall, það er tveggja daga lota hjá hverjum hópi lækna, hver læknir verður tvo daga í verkfalli.

Að þessum tveimur vikum loknum verður aftur vikuhlé á verkfallsaðgerðum. Ef ekki verður búið að semja eftir þá viku, munu allir meðlimir læknafélagsins fara í viku verkfall, 8. til 11. desember, og má því búast við enn frekari röskun á lækniþjónustu.



ÞORBJÖRN JÓNSSON

Næsti samningafundur verður haldinn fyrir hádegi miðvikudaginn 12. nóvember. „Það ber jafn mikið á milli og áður. Ég er ekkert sérstaklega bjartsýnn,“ segir Þorbjörn. Helgi Kjartan Sigurðsson, formaður Skurðlæknafélags Íslands, segir stöðu óbreytta hjá þeim. Skurðlæknar munu áfram vera í allsherjarverkfalli þrjá daga í viku, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag. - asi



LÆKNAR Næsti samningafundur verður miðvikudaginn 12. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



FYRRVERANDI LEIÐTOGI Mikhail Gorbatsjov við Checkpoint Charlie. NORDICPHOTOS/AFP

Síðasti forseti Sovétríkjanna óttast upphaf nýs kalds stríðs: Aldarfjórðungur frá falli múrsins

PÝSKALAND Í gær voru 25 ár liðin frá falli Berlínarmúrsins og fóru fram ýmiss konar hátíðahöld í þýsku höfuðborginni af því tilefni.

Mikhail Gorbatsjov, síðasti forseti Sovétríkjanna, heimsótti Checkpoint Charlie, gömlu landamærostöðina milli Vestur- og Austur-Berlínar. Við það tilefni gagnrýndi Gorbatsjov öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Hann bætti við að heimurinn væri á barmi nýs kalds stríðs, sumir teldu það hafið nú þegar, og að leiðtogar heimsins þyrftu að grípa inn í ef ekki ætti illa að fara. - joe

Parf að vernda refinn:

Dauðar tófur og fá afkvæmi

NÁTTÚRA Þótt ekki sé enn ástæða til að hafa áhyggjur ber okkur að vernda stofninn, sem er í útrým-ingarhættu í nágrannalöndum okkar, segir Ester Rut Unnsteinsdóttir, spendýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ester fann talsvert af dauðum ref í vor. „Af þessum sex grenjum sem ég vakta mjög gaumgæflega voru bara tvö þör sem komu upp yrðlingum, en undanfarin sextán ár hafa öll sex þörin komið upp afkvæmum,“ segir Ester. - bb



Óvissa er uppi í Úkraínu:

Vopnahlé á brauðfótum

ÚKRAÍNA Óvíst er hvort vopnahlé Úkraínustjórnar og uppreisnarmanna í austurhluta landsins haldi mikið lengur. Báðar fylkingar saka hvor aðra um að hafa rofið friðinn.

Í gær sprungu fjölmargar sprengjur í Donetsk, helsta vígi uppreisnarmanna en enginn hefur lýst yfir ábyrgð á árásum. Um 4.000 manns hafa fallið í átökunum á árinu.

Stjórnvöld í Kænugarði segja að mun fleiri ómerktir hermenn séu á sveimi sem þau telja rússneska. Að auki eiga vígamönnum að hafa borist vistir. - joe

Telur hótelið sitt kært til að kæfa samkeppni

Magnús Einarsson segir eiganda Höfðahótel hefta samkeppni og valda tjóni með því að kæra byggingarleyfi hótels hans í Þórunnartúni 4. Í kærinni segir að forsendur hafi gerbreyst. Magnús segir heimild fyrir hótelinu yfir tíu ára gamla.

SKIPULAGSMÁL „Eina ástæða kæranna er að koma í veg fyrir samkeppni og yfirgangur af hálfu aðila sem hefur fengið riflegra byggingarmagn en þekkt á lóðum sínum til að mynda undir hótélbyggingu sína,“ segir Magnús Einarsson, aðal-eigandi Þórunnartúns 4.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á föstudag hafa eigendur í Þórunnartúni 2 og Borgartúni 8 til 16 kraftist stöðvunar framkvæmda við hótélbygginguna í Þórunnartúni 4 og að ógilt verði ákvörðun borgaryfirvalda um að leyfa þar viðbyggingu og 93 herbergja hótél. Þeirra eigin forsendur séu gerbreyttar „enda var ekki gert ráð fyrir að annað stórt hótél yrði reist í Þórunnartúni“.

Magnús bendir á að á bak við kærurnar standi einn og sami maðurinn, Pétur Guðmundsson í Eykt, sem sjálfur sé að byggja risahótél við hliðina á Þórunnartúni 4 og áttatíu íbúða turn í sömu götu. Enginn ótengdur Pétri hafi gert athugasemdir.

„Pétur er einfaldlega að reyna að koma í veg fyrir samkeppni,“ segir Magnús. „Það er deginum ljósara að hann fær aldrei hnekk skipulagi sem er miklu eldra en hans. Hann er búinn að valda okkur margra mánaða tjóni með sínum athugasemdum sem hann veit að munu aldrei leiða til þess að ekki megi byggja hótél. Þarna var samþykkt hótélbygging fyrir meira en tíu árum.“

Í umsögn lögmans Þórunnartúns 4 ehf. til úrskurðarnefndar auðlindamála vegna fyrrnefndrar kærur er kröfunum um stöðvun framkvæmda og ógildingu byggingarleyfis harðlega mótmælt.

Hagsmunir kæranda eru fyrst



ÞÓRUNNARTÚN 4 Magnús Einarsson tók um miðjan október fyrstu skóflustungu að fimm hæða hóteli með 93 herbergjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

og fremst þeir að reyna að koma í veg fyrir að hótél risi í nálægð við það hótél sem hann hefur sjálfur í byggingu. Það sjónarmið að koma í veg fyrir samkeppni er ekki mál-efnalegt og hrinda ber öllum slíkum tilburðum,“ segir í athugasemdum Þórunnartúns ehf.

Þá er meðal annars bent á að kær-andinn, Höfðahótél, hafi sótt um að fá að byggja viðbótarhæð ofan á sína byggingu á sama tíma og hann lýsti áhyggjum af aukinni bílaumferð vegna Þórunnartúns 4. „Af þessum tvískinnungi kæranda verður það eitt ráðið að athugasemdir varðandi bílastæði og umferð eru að

„Hann er búinn að valda okkur margra mánaða tjóni með sínum athugasemdum sem hann veit að munu aldrei leiða til þess að ekki megi byggja hótél.“

Magnús Einarsson, eigandi Þórunnartúns 4.

engu hafandi og settar fram af hans hálfu í þeim eina tilgangi að spilla fyrir eða hefta framgang verkefnis Þórunnartúns 4,“ segir í umsögn lögmans Þórunnartúns 4 ehf. gar@frettabladid.is

Verkfall bærarstarfsmanna í Kópavogi gæti raskað miklu hjá bæjarbúum:

Þokaðist hænuskref í gærkvöldi

KJARAMÁL „Þetta hefur þokast lítið hænuskref áfram en ég get ekki upplýst í hverju það felst,“ sagði Jófríður Hanna Sigmundsdóttir, formaður Starfsmannafélags Kópavogs, í gærkvöld.

Fulltrúar bærarstjórnar og bærarstarfsmanna funduðu fram á nótt til að reyna að afstýra verkfalli bærarstarfsmanna sem hefjast átti klukkan sex í morgun.

„Ég er nokkuð bjartsýnn á að samningar náist. Við höfum lagt fram tillögu og bíðum viðbragða,“ sagði Ármann Kr. Ólafsson bærarstjóri Kópavogs. Samkvæmt henni eiga kjör þeirra lægst launuðu að hækka og nefndi hann í því samhengi ófaglærða leikskólustarfsmenn.

Ekki var ljóst þegar Fréttablaðið fór í prentun hvort af verkfallinu yrði. Tæplega 800 manns voru tilbúnir að leggja niður störf.

Ljóst er að ýmis þjónusta mun skerðast verði af verkfalli. Til að mynda mun skólustarf raskast í bæði leik- og grunnskólum. Að auki verður ekki boðið upp á frístundavist að skóla loknum. Félagsmiðstöðin í Boðabingi verður eina félagsmiðstöðin sem verður opin.



BÆJARSTJÓRINN OG BÖRNIN Skólustarf gæti gengið úr skorðum í verkfalli bærarstarfsmanna í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allar sundlaugar munu loka sem og þjónustuver bærarins og Gerðarsafn. Félagsstarf eldri borgara verður af skornum skammti á meðan á verkfalli stendur og sömu sögu er hægt að segja um aðstoð fyrir fatlaða. - asi, joe

Beltone **First**™

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!



heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FÁÐU KALT MAT FYRIR VETURINN

Komdu og fáðu sex punkta yfirferð fyrir veturinn hjá **fagmönnum**.
Það er **ókeypis** fyrir Toyota bifreiðar í nóvember.



12 viðurkenndir þjónustuaðilar um allt land.

Komdu til viðurkennds þjónustuaðila í nóvember og fáðu sex punkta yfirferð án endurgjalds. Við förum yfir ljósín, rafgeyminn, þurrkurnar, rúðuvökvann, smyrjum lamir og læsingar og setjum sílikon á þéttikanta.

20% afsláttur

af rúðuþurrkublöðum, þurrkugúmmíum og bílaperum.

15% afsláttur

af rafgeymum.

Engin vandamál - bara lausnir.

Bókaðu tíma

Toyota Kaupþúni	Kaupþúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421.6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

Þriggja ára ábyrgð
á Toyota rafgeymum

SVONA ERUM VIÐ



2.382 meðlimir eru í ása-
trúarfélaginu en
voru 787 fyrir tíu árum.

1.614 karlar eru í félaginu en 768
konur.

Heimild: Hagstofa Íslands

Verð hefði hjaðnað nema fyrir hærra verð húsnæðis og opinberrar þjónustu: Tveir stólpur undir verðbólgunni

EFNAHAGSMÁL Ef ekki hefði komið til verðhækkana í heilsugæslu og menntun og fasteignaverð haldist óbreytt síðustu misseri væri hér líklegast lítills háttar verðhjóðnun. Þetta kemur fram í verðbólguþá Capacent. „Verðbólga síðustu mánaða stendur því á tveimur stólpum; Hækkun fasteignaverðs og verðhækkun þjónustu sem nýtur opinbers stuðnings eða heyrir beint undir hið opinbera,“ segir þar.

Bent er á að fasteignaliðurinn hafi, milli október í fyrra og í ár,

hækkad um 8,8 prósent, menntun um 8,7 prósent og heilsugæsla um 6,6 prósent, en þar að baki sé 14 prósent hækkun skráningargjalda í háskóla og fimmtungshækkun kostnaðar við þjónustu heimilis- og sérfræðilækna. Þá hafi tannlæknisþjónusta hækkad nokkuð.

Capacent spáir 0,1 til 0,2 prósent hækkun verðbólguvísitölunnar í þessum mánuði. Gangi spáin eftir lækkar tólf mánaða verðbólga úr 1,9 prósent í október í 1,7 til 1,8 prósent.

- óká



LÆKNAR AÐ STÖRFUM Kostnaður vegna læknisþjónustu hefur aukist um 20 prósent milli októbermánaða 2013 og 2014.

NORDICPHOTOS/GETTY

Katalónar að kjörborðinu

SPÁNN Í gær kusu Katalónar um hvort héraðið eigi að segja skilið við Spán. Katalónía er sjálfstjórnarhérað með um 7,5 milljónir íbúa. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi.

Óvissa var um hvort kosningin færi fram. Spænsk stjórnvöld telja hana ólögumlega og höfðu kært hana til dómstóla. Artur Mas, forseti Katalóníu, hafði gefið út að það væri brot á tjáningarfrelsi íbúa að koma í veg fyrir kosninguna.

- joe



HAFIÐ Svar við kröfu um verndun hafsfins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýr samstarfsvettvangur:

Oceana fyrir verndun sjávar

UMHVERFISMÁL Samkomulag um stofnun öndvegissætursins Oceana var undirritað nýlega.

Oceana er samstarfsvettvangur fyrirtækja, háskólasamfélagsins, rannsóknastofnana og stjórnvalda um rannsóknir, þróun, framleiðslu og kynningu á tæknilausnum sem stuðla að vernd hafsfins. Efla á starf innlendra og erlendra aðila við að nýta græna tækni sem tengist hafinu. Oceana á að vera vettvangur til að nýta rannsóknir innan háskóla, opinberra stofnana og fyrirtækja til að þróa tæknilausnir og viðskiptatækifæri sem nýtast til verndar hafsfins.

- shá

Slasaður hjólréiðamaður:

Fær ekki bætur frá 11 ára dreng

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti á fimmtudag dóm Héraðsdóms Reykjaness sem í febrúar síðastliðnum hafnaði bótakröfu 37 ára karlmanns á hendur móður 15 ára drengs og tryggingafélags fjölskyldunnar.

Hjólréiðarmaðurinn slasaðist þegar hann kastaðist af hjóli sínu í september 2010. Kennði hann ellefu ára dreng um óhappið með því að drengurinn hafi hlaupið í veg fyrir hann. Hefði slysið valdið tímabundinni 100 prósentu örorku og varanlegri átta prósentu örorku.

- ktd

Óttast hvatvísar ráðstafanir

Ráðherra gæti, með víðtækri heimild í nýjum lögum um opinber fjármál til þess að færa til fjármuni, kippt í burtu rekstrargrundvelli stofnana, segja Hagsmunasamtök heimilanna. Spurningarmerki sett við heimildirnar.

ALPINGI Gerðar eru athugasemdir við heimildir ráðherra til að færa til eða ráðstafa fjármunum í hluta athugasemda sem sendar hafa verið Alþingi vegna frumvarps til nýrra laga um opinber fjármál, sem nú eru í meðförum þingsins. Frumvarpið var fyrst lagt fram á vörþingi þessa árs, en ekki náðist að afgreiða það. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra mælti svo fyrir frumvarpinu að nýju í byrjun síðasta mánaðar.

„Frumvarpið felur í sér heildarlöggjöf um fjármál ríkis og sveitarfélaga þar sem áhersla er lögð á langtímastefnumörkun opinberra fjármála og aukinn aga við framkvæmd fjárlaga,“ sagði Bjarni við framlagningu frumvarpsins.

Í athugasemdum Hagsmunasamtaka heimilanna, sem sendar voru inn í gær, föstudag, er gerð athugasemd við að ráðherra verði samkvæmt nýjum lögum heimilt að ráðstafa varasjóði, sem gert er ráð fyrir að nemi að lágmarki einu prósent af fjárheimildum fjárlaga. „Miðað við umfang ríkisútgjalda er um að ræða 6,4 milljarða króna á ári, eða 25,6 milljarða á einu kjörtímabili,“ segir í umsógninni, sem Vilhjálmur Bjarnason og Guðmundur Ásgeirsson rita undir. „Veður það ekki aðeins upp spurningar um mögulega hættu á ómálefnalegri ráðstöfun þeirra fjármuna, heldur einnig efasemdir um stjórnskipulegt gildi svo víðtæks framsals á fjárveitingarvaldi í hendur ráðherra.“

Þá gera samtökin athugasemd við heimild ráðherra í nýju lögum til að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflökka á hverju fjárlagaári. Telja bréfritarar þá hættu fyrir hendi með slíku fyrirkomulagi að „hvatvísar ráðstafanir af hálfu ráðherra“ gætu jafnvel kippt í burtu rekstrargrundvelli þeirra stofnana sem slíkar breytingar næðu til. „Sem kann ekki góðri lukku að stýra.“



ALPINGI Frumvarp til nýrra laga um opinber fjármál er í meðförum fjárlaganefndar Alþingis eftir fyrstu umræðu. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á ný í byrjun síðasta mánaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ströng skilyrði um notkun varasjóðsins

Í skýringum með nýju frumvarpi um opinber fjármál kemur fram að notkun almenns varasjóðs A-hluta sé háð ströngum skilyrðum. Um þurfi að vera að ræða útgjöld sem séu tímabundin, ófyrirsjáanleg, óhjákvæmileg og ókleift að mæta með öðrum hætti. Sambærileg heimild í fjárlögum síðustu ára hefur verið nýtt til að mæta hækkunum launa og verðlags, ásamt ófyrirséðum útgjöldum, þar með töldum gengisbótum vegna veikari stöðu gjaldmiðilsins en

gert hafi verið ráð fyrir, útgjöldum vegna eldgosu og náttúruhamfara, auk útgjalda vegna kjarasamninga.

„Ráðherra ber ábyrgð á því að meta hvort öll tilgreind skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt og með hliðsjón af tilgangi ákvæðisins ber að túlka það þröngt,“ segir í skýringunum. Þá kemur fram að fjárlaganefnd þingsins skuli upplýst um notkun fjár úr almennum varasjóði þegar ákvörðun ráðherra liggja fyrir.

Svipuðum sjónarmiðum er haldið á lofti í umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem í athugasemd sinni við frumvarpið eftir fyrri framlagningu í vor bentu á að margar stofnanir væru með þannig útgjöld að ekki væri hægt að breyta þeim innan þess sex vikna ramma sem ráðherra er, samkvæmt frumvarpinu, heimilt að segja fyrir um. „Telja má að svo opið ákvæði gangi

gegn markmiðum frumvarpsins um fyrirsjáanleika og stöðugleika, þegar haft er í huga að gert er ráð fyrir að gerðar séu þriggja ára áætlanir og að unnar séu vandaðar rekstraráætlanir,“ segir í umsögninni.

Í vor mæltist Ríkisendurskoðun líka til þess að ráðherra gerði fjárlaganefnd grein fyrir fyrirhugaðri ráðstöfun úr varasjóði áður en til

hennar kæmi. Þá taldi stofnunin til bóta að ákvæði um styrkveitingar á forræði ráðherra yrði þannig að auglýsa þyrfti eftir umsóknum um styrki og faglegt mat réði úthlutunum. Í athugasemd Samkeppnis- eftirlitsins við sömu grein er mælt til þess að bætt sé við klausu um að gæta ætti samkeppnisjónarmiða við úthlutun styrkja og framlaga ráðherra.

olikk@frettabladid.is

Námskeið um vefjagigt og tengda sjúkdóma

Fræðslunámskeið fyrir fólk með vefjagigt og aðstandendur þeirra, verður haldið í **Þraut** að Höfðabakka 9 dagana 13., 18., 20., og 25. nóv. frá kl. 16:30 - 18:30.

Fyrirlesarar: Arnór Víkingsson gigtarlæknir, Sigrún Baldursdóttir sjúkráðgjafi og lýðheilsufraeðingur og Eggert S. Birgisson sálfræðingur.

Dagskrá:
Fimmtudagur 13. nóvember: Vefjagigt og skyldir sjúkdómar; fjölbættmeðferð, en einstaklingsmiðuð. Hvað hjálpar vefjagigtarsjúklingum.
Þriðjudagur 18. nóvember: Vefjagigt og skyldir sjúkdómsmynd, greining, orsakir og meðferð.
Fimmtudagur 20. nóvember: Andleg heilsa vefjagigtarsjúklinga.
Þriðjudagur 25. nóvember: Lyf í vefjagigt. Fræðsla og spjall fyrir aðstandendur. Aðstandendur gegna mikilvægu hlutverki í lífi vefjagigtarsjúklinga mikilvægt er að þeir þekki hlutverk sitt.

Verð: kr. 25.500.- og innifalið er gjald fyrir einn aðstandenda og námsgögn. Skráning í síma 5557750 eða með því að senda póst á thraut@thraut.is.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 19°	Friedrichshafen 9°	New York 14°
Apéna 20°	Gautaborg 10°	Orlando 24°
Basel 12°	Kaupmannahöfn 10°	Ósló 9°
Berlín 10°	Las Palmas 24°	París 13°
Billund 9°	London 13°	San Francisco 19°
Frankfurt 11°	Mallorca 19°	Stokkhólmur 10°

Á MORGUN
0° - 5-10 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR
4° - 10-18 m/s.

Elsabet Margeisdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sværrir Birgir Sværrirsson sværrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hranar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnurut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Vetrarparadís

á nýjum Kia Sportage



Kaupauki
Vetrardekk
og dráttar-
beisli

Eigum
bíla til
afgreiðslu
strax!



Kia Sportage fæst í World Cup Edition

2,0 dísil, sjálfskiptur, 4wd, leðurinnrétting, bakkmyndavél,
7" snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi, litað gler aftur í
og margt fleira.



The Power to Surprise

Sportage er með hita í stýri, komdu og prófaðu

Kia Sportage er öflugur og sparneytinn sportjeppi búinn nýjustu tækni sem tryggir
stöðugleika og bestu akstursegginleika við vetraraðstæður. Kia Sportage eyðir frá
6,0 l/100 km í blönduðum akstri. Fáanlegur beinskiptur og sjálfskiptur.

Komdu við hjá Öskju að Krókhálsi 11 og kynntu þér þennan framúrskarandi bíl.
Við tökum vel á móti þér.



Askja í samstarfi við Lykil gerir þér kleift að eignast nýjan KIA á auðveldan máta.
Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt
að 7 ára. Þú velur bílinn og sölumenn Öskju sjá um að ganga frá láninu.

Fáanlegur 1,7 dísil, 2wd. Verð frá 4.890.777 kr.

Kia Sportage 2,0 dísil, beinskiptur 6 gir, 4wd
Verð frá **5.990.777 kr.**

Aðeins **59.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 2.400.000 útborgun og bílalan frá Lykli í 84 mánuði.
8,75% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,38%.
Nánar á lykill.is.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“
á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

VEISTU SVARID?



1. Hver er framkvæmdastjóri Strætó?
2. Hvaða þjóð hætti nýverið við þátttöku á HM í handbolta í Katar?
3. Hvað heitir ný skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur?

SVÖR

1. Reyntir Jónsson 2. Bahraín 3. Gæðakomur

Eldgosið í Holuhrauni hefur skilað 2,8 milljörðum tonna af kviku upp á yfirborðið frá 29. ágúst: Hraunbreiðan þekur yfir 70 ferkílómetra

NÁTTÚRA Hraunið sem rennur frá eldstöðinni í Holuhrauni þekur nú 70 ferkílómetra lands á flæðunum norðan Vatnajökuls. Eldgosið er stöðugt og hraunrennslíð enn mikið.

Úrvinnsla eldfjallafræði- og náttúruvæðing Jarðvísindastofnunar á gervihnattamyndum og öðrum gögnum sýndu á laugardag að hraunið, sem á myndum sérfræðinganna er kallað Nornahraun, var þá 69,9 ferkílómetrar.

Eldgosið, og hraunflæðið, hefur

frá 6. október verið stöðugt. Hraunrennslíð er um 100 rúmmetrar á sekúndu, sem jafngildir rennslí Skjálfafljóts að sumri.

Armann Höskuldsson, eldfjallafræðingur hjá Jarðvísindastofnun, telur að í október hafi hraunrennslíð þakið um 20 fermetra lands á hverri sekúndu.

Annar eldfjallafræðingur, Haraldur Sigurðsson, gerir eldgosinu að umtalsefni á bloggsíðu sinni á laugardag, í samhengi við rangfærslur um koldíoxíðlosun (CO₂). Mann-

kynið losar um 35 gígatonn af CO₂ á hverju ári, en eldfjöll losa aðeins um eitt prósent af þessu magni á sama tíma, til samanburðar.

Haraldur nefnir að nú er talið að um einn rúmílómetri af basaltkviku hafi komið upp í Holuhrauni. Það mun vera um 2,8 gígatonn af kviku, en gígatonn er einn milljarður tonna. Þá má skjóta því að, að á því landsvæði sem nýja hraunið þekur mætti koma fyrir í kringum 10.000 fótoltavöllum í fullri stærð.

-shá



NORNAHRAUN Eldgosið er það stærsta frá Skaftáreldum á 18. öld. MYND/MAGNÚSTUM

Bæjarfulltrúar í Hafnarfirði: Hækka laun sín um 6,2 prósent

SVEITARSTJÓRNIR Laun kjörinna fulltrúa í Hafnarfirði hækka um 6,2 prósent samkvæmt ákvörðun bæjarráðs. Miðað er við



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

nýgerða samninga Bandalags háskólanna. Svokölluð viðmiðunarlaun fulltrúanna hækka úr 501.299 krónum í 532.380 krónur.

„Benda má á að hefðu viðmiðunarlaun kjörinna fulltrúa breyst í samræmi við vísitölu launa starfsmanna sveitarfélaga þá væru þau í dag 561.993,“ segir í bókun bæjarráðs.

-gar



RÚNAR VILHJÁLMSOÐN formaður FPR.

Verkfall háskólaprófessora: Niðurstöðu er að vænta í dag

KJARAMÁL Niðurstöður úr kosningu Félags háskólaprófessora við ríkisháskólana um verkfallsboðun, fæst klukkan eitt í dag.

Sjötíu prósent félagsmanna höfðu greitt atkvæði síðdegis í gær. Samningarunnu út í mars.

„Það er vont að þurfa að grípa til verkfalls, en það þarf að gera til þess að fá viðbrögð,“ segir Rúnar Vilhjálmsson, formaður félagsins. Ef ekki verður samið fyrir 30. nóvember verður boðað til verkfalls frá 1.-15. desember.

-asi

Þróá nýtt lyf úr þorskalýsi

Sprotafyrirtækið Lipid Pharmaceuticals hefur fengið einkaleyfi víða um heim á nýtingu frírra omega-3 fitusýra úr sjávarafurðum til lyfjagerðar. Fyrsta lyf fyrirtækisins verður sett á markað innan þriggja ára.

NÝSKÖPUN Þróun og rannsóknir á fyrsta lyfi sprotafyrirtækisins Lipid Pharmaceuticals (LP) úr omega-3 þorskalýsi eru langt komnar. Lyfið er til meðhöndlunar á börnum og fullorðnum sem þjást af hægðatregðu.

Þróun lyfsins hófst fyrir tíu árum, en fyrirtækið var stofnað árið 2009 sem rannsóknar- og þróunarfyrirtæki í samvinnu Lýsis hf., Háskóla Íslands og Landspítalans, segir Guðrún M. Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri LP.

„Hugmyndin í upphafi var að nota bólgueyðandi og sýkladrepandi áhrif fitusýra úr lýsi til þess að framleiða augndropa við rauðum augum og vægum augnsýkingum. Lyktin var því miður ekki nógu aðlaðandi til að hugmyndin gengi upp,“ segir Guðrún. Þá var stefnan sett á að nýta eiginleika fitusýranna til að meðhöndla gyllinæð og bólgusjúkdóma í endabarmi. Stíllinn reyndist, nokkuð óvænt, hafa hægðalosandi áhrif í fyrstu öryggisprófunum hjá heilbrigðu fólki. Því var ákveðið að nýta þessa eiginleika og gera frekari rannsóknir á hægðalosandi eiginleikum virka efnisins í lýsinu.

„Gangi áætlanir okkar eftir munum við markaðssetja fyrsta íslenska frumlyfið eftir þrjú ár. Við vitum ekki um önnur íslensk frumlyf komin þetta langt í þróunarfásanum,“ segir Guðrún.

Stefnt er á sölu lyfsins í Evrópu og Bandaríkjunum, enda er smæð íslenska markaðarins slík að hún stendur ekki undir þróunarkostnaði. Þróunarvinnan hefur farið fram á rannsóknarstofu í lyfjafræði við HÍ, LSH og hjá Lýsi hf. Hluta vinnunnar er úthýst til annarra fyrirtækja bæði héraðs og erlendis. Virka innihaldsefnið er framleitt hjá Lýsi hf. og lyfjaformið er framleitt hjá fyrirtæk-



LIPID PHARMACEUTICALS Í HNOTSKURN

- Sprotafyrirtækið Lipid Pharmaceuticals ehf. (LP) var stofnað 2009.
- Hluthafar eru Lýsi hf., HÍ, Landspítalinn ásamt stofnendum LP; Einar Stefánssyni lækni og Þorsteini Loftssyni lyfjafræðingi
- Fyrirtækið hefur fengið styrki frá Tækniþróunarsjóði (Rannís) og AVS auk þess sem Lýsi hf. hefur lagt til hlutfé.
- Samstarfsfyrirtæki LP eru m.a. Lýsi hf., PharmArctica á Grenivík

inu PharmArctica á Grenivík samkvæmt gildandi gæðakröfum.

Lyfjaþróun er kröfuhart og langdregið ferli, en meðal þess sem gert hefur verið er rannsókn á áhrifum lyfsins á börn sem leit að hafa á bráðamóttöku Barnspítala Hringins undir stjórn Orra Þórs Ormarssonar lækni, og var árangurinn mjög lofandi.

Meltingarsjúkdómar, og ekki síst hægðatregða, er mikið vandamál um heim allan; algengi hægðatregðu hjá börnum er allt að 30% og hjá fullorðnum allt

og Matís. Að auki kemur að fyrirtækinu fjöldi innlendra og erlendra ráðgjafa.

- Starfsemi LP byggir á rannsóknum Þorsteins Loftssonar, prófessors við lyfjafræðideild HÍ. Hann rannsakaði fitusýrur og mögulega notkun þeirra þar sem vitað var að þær gætu haft bólgueyðandi verkun og sýkladrepandi áhrif.
- Markmið fyrirtækisins er að þróa, rannsaka og koma á markað stílum

LYF ÚR LÝSI Þrjú starfsmenn, auk eigenda og ráðgjafa koma að verkefnum LP.

MYND/LP



„Okkar lyf mun hafa sterka stöðu á markaði, virka efnið er unnið úr lýsi og getum við því talað um náttúrulega afurð. Lyf fyrir börn sérstaklega eru ófánleg; hafa ekki verið rannsökuð með tilliti til þeirra og markaðsleyfið oft bundin við notkun hjá fullorðnum.“

Guðrún M. Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri LP

upp í 15%. Barnspítali Hringins tekur árlega á móti um 400 börnum vegna þessa, svo dæmi sé tekið. Markaður á heimsvísu með hægðalosandi lyf er því gríð-

arstór og fer stækkandi. Bandaríkjamarkaður einn er talinn velta 120 milljörðum króna með þennan lyfjaflokk.

svavar@frettabladid.is

Hvað er framundan hjá fyrirtækjum og Reykjavíkurborg?

Nýjar íbúðir í Reykjavík

Kynningarfundir í Ráðhúsi Reykjavíkur

Miðvikudaginn 12. nóvember kl. 8.30-10.00 og fimmtudaginn 13. nóvember kl. 17.00-18.30

Sýning um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis verður í Ráðhúsi Reykjavíkur frá 12. – 19. nóvember.





Öllum Bosch uppþvottavélum fylgja ársbirgðir af uppþvottatöflum frá Finish.

Gildir til 15. nóvember.

Bosch hóf framleiðslu uppþvottavéla árið 1964 og eru því 50 ár liðin frá því að fyrsta Bosch uppþvottavélin leit dagsins ljós. Þær eru traustar, áreiðanlegar og skila leirtauinu glitrandi hreinu.

Skelltu þér á eina og fáðu 365 stk. af Power and Pure, umhverfisvænum uppþvottatöflum frá Finish, með í kaupbæti.



Við höfum þegar kvatt
vörugjöldin og lækkað
verð á uppþvottavélum
um 20%.

BOSCH

- BÚÐIN -

Viðreisn

Viðreisn heilbrigðiskerfisins

Opinn fundur um heilbrigðismál,
þriðjudaginn 11. nóvember klukkan 17.00 - 18.30.

Fundurinn verður haldinn á Hótel Natura
(áður Hótel Loftleiðir)



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans:
Landspítalinn - Óskabarn í
spennitreyju?



Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, dósent
í heilsuhagfræði:
Heilsa, peningar og pólitík



Ólafur Már Björnsson, augnlæknir hjá
Sjónlagi:
Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu



Fundarstjóri: Geir Finnsson, háskólanemi

Fundurinn er opinn öllum

www.vidreisnin.is

Heróín oftast nefnt af sprautufíklum á Voggi

Sjúklingar á Voggi hafa jafn oft nefnt heróín í verðkönnun SÁÁ á þessu ári og á tímabilinu 2006 til 2013. Yfirlæknir á Voggi segir erfitt að lesa í upplýsingarnar en útilokar ekki að þær geti táknað undanfara heróínneyslu hér á landi.

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta gæti verið vísbending um að eitthvað sé að breytast. Það segir mikið ef menn hafa áhuga á þessu efni og eru að tala um það, og nefna það í þessari könnun. Þá er það aukin áhætta að það komi, og við vitum ekki hvað þetta tákna. Það gæti táknað undanfara að heróínneyslu, það er ekkert útilokað,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Voggi.



PÓRARINN TYRFINGSSON

SÁÁ hefur frá árinu 2000 kannað verðlag á ólöglegum vímuefnum á götunni. Þar er kannað hvaða vímuefni sjúklingar hafa keypt tvær vikur fyrir innritun og hvað þau kostuðu. Allir sjúklingar sem hafa heilsu til taka þátt í könnuninni sem er talin gefa raunsæja mynd af markaðnum á hverjum tíma. Könnunin vakti á dögunum athygli á aukinni neyslu á sterka verkjalyfinu OxyContin, sem hefur verið mikið vandamál í Bandaríkjunum.

Í nefndri könnun kemur einnig fram að á undanförmum átta mánuðum nefna innritaðir sjúklingar heróín, og hvað það kostar, jafn oft



FÍKN Heróínnotkun hefur aldrei verið landlæg hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

og átta ár þar á undan. Aðeins er um fá skipti að ræða, eða fjögur á þessu ári og fjögur á tímabilinu 2006 til 2013.

Þetta vekur athygli þar sem heróín hefur aldrei verið í umferð á Íslandi svo nokkru nemur, en SÁÁ hefur þó varað við því að það gæti breyst í ljósi fjölgunar sprautufíkla hérlendis. Hefur þetta jafnan verið talið merki um að ólöglegi vímuefnamarkaðurinn á Íslandi væri ekki eins þróaður og ástandið hér miklu betra en hjá nágrannaþjóðum okkar.

Allir sérfróðir eru sammála um að ástandið hér mundi versna um allan helming ef heróínfíklar yrðu til á Íslandi, eins og segir á heimasíðu SÁÁ.

Þórarinn tekur samt skýrt fram að ekkert bendi til þess að heróínneysla sé snarlega að aukast þrátt fyrir upplýsingarnar úr könnuninni. Hann útilokar ekki að þeir sem gefa þær hafi nýlega verið erlendis þar sem heróín er viðvarandi vandamál, t.d. í Kaupmannahöfn.

svavar@frettabladid.is

TÆKIFÆRI TIL AÐ EIGNAST JEPPA ERUM MEÐ NOKKRA DACIA DUSTER DÍSIL

ÁRGERÐ 2013 Á TILBOÐI

Eldsneytisnotkun frá 5,3 l/100 km*

Fjór hjóladrífur, ríkulega búnir
og beinskiptir með extra lágum gír.

Yfirfarnir af umboði
og í verksmiðjuábyrgð.

Verð frá
2.780 þús. kr.

Tökum notaða bíla upp í.



Dacia bílar eru framleiddir af Renault og Nissan í Evrópu.

bílaland

Upplýsingar um bílana veita sölumenn Bílalands
í síma 525 8000 / bilaland@bilaland.is

TILBOÐ

10.-15. nóvember - aðeins þessa viku



SILVER sturtuhorn

ferkantað 80x80 cm
Tilboð **43.900 kr.**
Verð áður 57.990 kr.

ferkantað 90x90 cm
Tilboð **44.900 kr.**
Verð áður 59.500 kr.

SILVER sturtuhorn

bogadregið 90x90 cm
Tilboð **59.500 kr.**
Verð áður 44.900 kr.



TRIN sturtubotn

ferkantað 80x80 cm
Tilboð **37.900 kr.**
Verð áður 47.500 kr.

ferkantað 90x90 cm
Tilboð **39.900 kr.**
Verð áður 49.500 kr.



MORA CERA sturtusett

með blöndunartækjum
Tilboð **49.900 kr.**
Verð áður 64.900 kr.



ONTEX sturtubotn

ferkantað 90x90 cm
Tilboð **39.900 kr.**
Verð áður 49.500 kr.

ifö

Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tenggi

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is

TENGI

Mikill verðmunur á öðru en lyfjum í apótekum: Munar allt að 84%



LYFJAVER Oftast ódýrast í verðkönnun ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI apótekinu Melhaga og Lyfsalanum Álfheimum. Mestur verðmunur í könnuninni var 84 prósent.

NEYTENDUR Mikill verðmunur er á öðrum vörum en lyfjum í apótekum segir verðlagseftirlit ASÍ.

Oftast var verðið lægst hjá Lyfjaveri Suðurlandsbraut, í átta tilvikum af 47 og í sjö tilvikum hjá Austurbæjarapóteki í Ögurhvarfi. Í átta tilvikum var verðið hæst í Siglufjarðarapóteki og í sjö tilvikum í Gamla

- gar

Herða sóknina gegn her Íslamska ríkisins

Bandaríkjaforseti segir loftárásir hafa skilað miklu en þörf sé fyrir fótgönguliða. Leiðtogi Íslamska ríkisins mögulega fallinn. Bardagar áfram í Írak og Sýrlandi.

MIDAUSTURLÖND Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur brugðist við auknum umsvifum Íslamska ríkisins í Írak og Sýrlandi, ISIS, með því að tvöfalda í herliði sínu í Írak. Alls munu 1.500 bandarískir hermenn bætast við þá 1.600 sem fyrir eru í Írak.

„Hermenn okkar munu ekki taka þátt í bardögum heldur eingöngu koma að hjálfun íraskra hersveita,“ sagði Obama í viðtali við CBS. Forsetinn bætti svo við að baráttan væri að taka á sig nýja mynd og þvertók fyrir það að fyrri aðgerðir hefðu mistekist.

„Loftárásirnar hafa gefið góða raun og hægt mjög á framgöngu-óvinarinnarins. Nú er hins vegar aukin þörf á fótgönguliðum til að fjarlægja vígasveitir ISIS,“ sagði Obama.

Tilkynningin kom í kjölfar fréttar þess efnis að fimmtíu hátt settir liðsmenn ISIS hafi fallið í loftárás nálægt Mosul í norðurhluta Íraks. Óstaðfestar fréttir herma að Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi samtakanna, hafi verið meðal þeirra sem féllu í árásinni. Íraksstjórn vinnur nú hörðum höndum að því að fá staðfest hvort al-Baghdadi hafi fallið, sérst eða yfirhöfuð verið í bílastinni en sú vinna getur tekið allt að tvær vikur.

Bardagar hafa haldið áfram í borgum víðsvegar um Sýrland og Írak. Minnst 21 féll er sýrlenskar þyrlur vörpuðu sprengjum á borgina al-Bab í Sýrlandi og rúmlega



STUND MILLI STRÍÐA Kúrdískir hermenn í Kobane. Bardagar hafa staðið nær linnulaust í tvo mánuði.

NORDICPHOTOS/AFP

hundrað særðust. Önnur árás var gerð á írösku borgina al-Qaim við landamærin við Sýrland en tölum um mannfall ber ekki saman.

Barrátta Kúrda gegn ISIS í sýrlensku borginni Kobane, einnig þekkt sem Ayn al-Arab, hefur nú staðið í tvo mánuði. Borgin er nyrst í Sýrlandi við landamærin að Tyrklandi.

Yfir þúsund hafa látist í átökunum í Kobane og örfáir þeirra 400.000 sem áður bjuggu í borginni eru þar eftir. Meira en helmingur flúði yfir til Tyrklands og hefur krafist þess að þarlend stjórnvöld



Loftárásirnar hafa gefið góða raun og hægt mjög á framgöngu óvinarinnarins.

Barack Obama
Bandaríkjaforseti

hjálp þeim sem eftir eru í Kobane. Enn bólar þó ekki á þeirri aðstoð en Tyrkir óttast aukin umsvif Kúrda innan sinna eigin landamæra. -joe

Hitablásarar



Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.990



Rafmagnshitablásari 3Kw 1 fasa
8.990



Rafmagnshitablásari 5Kw 3 fasa
12.990



Rafmagnshitablásari 2Kw
2.190



Rafmagnshitablásari 9Kw 3 fasa
17.990



15 metra rafmagnssnúra
3.190



Rafmagnshitablásari 15Kw 3 fasa
29.990

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



MURBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

SIMPLY CLEVER

SKODA



HVAÐ GERÐIR ÞÚ UM HELGINA?



Eldsneytisnotkun og útblástur Yeti í blönduðum akstri: 4,6–8,0 l/100 km, 119–189 g/km

Á vit ævintýrana í nýjum ŠKODA Yeti Outdoor.

Betri eru þúsundir stjarna á næturhimni en fimm stjörnur á hóteli. Þú getur áð hvar sem þér dettur í hug, þökk sé torfærustillingunni í Yeti. Þú getur slappað af og látið fara vel um þig þótt undirlagið sé ójafnt. Þú kemst heilu og höldnu á leiðarenda og VarioFlex aftursætaferfið tryggir að þú getir tekið allan nauðsynlegan aukabúnað með þér. Geymslurými er aldrei vandamál því þú býrð einfaldlega til pláss með því að færa til aftursætin. Þá kemur sér ekki síður vel að vera með dráttarkúlu sem staðalbúnað. Leggðu drög að óbyggðiferðinni strax í dag með því að fá reynsluakstur hjá ŠKODA. Nú fæst sjálfskiptur Yeti á enn betra verði en áður.

ŠKODA Yeti Outdoor
kostar frá 5.220.000,-

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskrá Akranesi · HEKLA Reykjaneshæ · Heklusalurinn Ísafirði

skoda.is

Yfirgangur kristallast í flugvallarfrumvarpinu:

Alveg úti í mýri

Fimmtán þingmenn Framsóknarflokksins lögðu í síðustu viku fram frumvarp þess efnis að skipulagsvald yfir Reykjavíkurflygvelli færðist frá borginni til ríkisins. Þar kemur meðal annars fram að nauðsynlegt sé að standa vörð um fjölbætt og þýðingarmikið hlutverk sem flugvöllurinn hefur, með því að festa staðsetningu hans í sessi á tryggan hátt til hagsbóta fyrir landsmenn alla. Þess skal getið að engir ráðherrar flokksins eru meðal flutningsmanna.

Mikil umræða hefur átt sér stað síðustu ár um staðsetningu flugvallarins og sitt sýnist hverjum. Nokkurs konar lending náðist í málinu þegar samkomulag var undirritað milli ríkis og borgar fyrir rúmu ári. Í kjölfarið var Rögnumefndin svokallaða skipuð samkvæmt samkomulaginu, sem vinnur fyrst og fremst að því að gera frekari könnun á staðarvalkostum fyrir innanlandsflug. Nefndin hefur ekki skilað af sér en búist er við niðurstöðum á næstunni.

Útspil Framsóknar er því svolítið eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það miðar að því að færa sjálfstjórnarvald borgarinnar yfir Vatnsmýrarsvæðinu yfir til ríkisins. Sjálfstjórnarvald sem vel að merkja er tryggt í stjórnarskrá. Nú er það ekki útilokað að hægt væri að fullyrða að nægir almannahagsmunir gætu verið í húfi til að slíkt inngríp sé réttlætunlegt. Ríkisvaldið getur jú takmarkað skipulagsvald sveitarfélaga í slíkum tilvikum, og hefur gert það til að mynda í friðunar- og verndarskygni. Hins vegar er málið í þeim farvegi að nefnd er að störfum til að athuga hvort hægt sé að finna flöt á því sem flestir gætu sætt sig við. Í öllum tillögum, umræðum og deiliskipulögum sem sett hafa verið fram hefur ávallt verið gerð sú krafa að hagsmuna og fyllsta öryggis þegna landsins sé gætt. Þess vegna er útspilið óskiljanlegt. Nákvæmlega ekkert kallar á svo gróft inngríp ríkisvaldsins.

Framsóknarmenn gerðu heiðarlega tilraun til að komast til valda í Reykjavík í síðustu borgarstjórnarkosningum með því að gera staðsetningu flugvallarins að aðalatriði. Það gekk ekki upp. Framsókn og flugvallarvinir eru fullkomlega valdalaus í borginni. En flokkurinn er hins vegar í lykilstöðu á Alþingi. Útspilið er þannig svolítið eins og hjá ósattu litlu barni sem fær ekki það sem það vill hjá móður sinni og ákveður þá að suða í föður sínum til þess að athuga hvort ekki fáist önnur útkoma.

Í síðustu viku mættu tæplega 5.000 manns á Austurvöll að mótmæla. Fólk mótmælti ýmsu á þessu „hlaðborði óánægju“ en eitt virtist mikill meirihluti þeirra sem þangað mættu vera sammála um: „Hroki, dónaskapur og fáránlegt yfirlæti“ stjórnvalda gagnvart þegnum sínum er óásættanlegur. Í tilefnislausu frumvarpi Framsóknarflokksins um að svipta borgina skipulagsvaldi yfir Vatnsmýri kristallast einmitt yfirgangurinn sem fjöldinn mótmælti. Forsætisráðherra sagðist í kjölfarið ekki skilja hverju væri verið að mótmæla þar sem hann væri í þann mund að uppfylla öll kosningaloforð flokks síns. Burtséð frá því hversu fjarstæðu-kennnd sú fullyrðing er, hlýtur Framsóknarflokkurinn að þurfa að sýna öðrum þá kurteisi sem hann sjálfur krefst. Borgaryfirvöld, sem kosin hafa verið til valda undanfarin ár, hafa ítrekað lofað að vinna að því að finna Reykjavíkurflygvelli annan hentugri stað. Þingmenn Framsóknar ættu að hætta að standa í vegi fyrir því að þeim takist að uppfylla loforð sín.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation + you

Philips Ambilight sjónvarp með Android stýrkerfinu

PHILIPS

með Android

Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK

FRÁ DEGI TIL DAGS

Læknadeilan og virkjanir

Ílla er komið fyrir þeirri þjóð þar sem læknar eru í verkfalli. Þingmenn ræddu vandann og sitt sýndist hverjum. Málið var rætt á Alþingi. Páll Jóhann Pálsson Framsóknarflokki fór út fyrir rammann og sagði meðal annars: „Við alþingismenn tókum höndum saman og flýttum eins og kostur er gjaldeyrisskapandi verkefnum eins og vatnsaflsvirkjunum og komum með tímasetta áætlun um að bæta aðbúnað lækna og hjúkrnarfólks með byggingu nýs Landspítala. En til þess að standa undir áframhaldandi velmegun og háu menntunarstigi og góðri heilbrigðisþjónustu á Íslandi þurfum við að halda áfram að nýta auðildir landsins til verðmætasköpunar.“

Prestur leiðbeinir um kynlíf

Séra Þórhallur Heimisson, sem nú starfar sem kirkjuhirðir hjá sænsku kirkjunni, lætur sér fátt óviðkomandi. Hann skrifar reglulega á Pressuna og nú fjallar hann um kynlíf, og nýu leiðir til aukinnar vellíðunar í kynlífinu. Presturinn segir: „Ein besta leiðin fyrir þar sem upplifir spennu og erfiðleika í kynlífinu er að hlæja saman. Hláturinn losar um öll bönd og húmorinn mýkir samskiptin. Tökum ekki hvort annað of hátiðlega. Kynlíf er besti leikur sem hægt er að hugsa sér. Leikum okkur í kynlífinu. Í heilbrigðu kynlífi leyfum við barninu innra með okkur að fá frí frá annríki hversdagsins.“

Förum ekki nánar út í það

Kristján heiti ég Ólafsson er hversmanns hugljúfi. Hann kviknaði ljóslífandi við lestur þessarar fréttar: „Rússneskur þingmaður er sagður hafa víðað hugmyndir um að rússneskum konum verði boðið að fá sæði úr Vladímír Pútín forseta. Þingmaðurinn telur að með þessu verði hægt að skapa nýjan her og pólitíska elftu í landinu. Afkvæmi forsetans myndu síðan fá sérstakan stuðning frá ríkinu og fá menntun í sérstökum stofnunum.“ Það er nú það. Ef þetta yrði heimfært á Ísland, er spurt hver er Pútínigildið hér. Þá er best að fara að ráðum Kristjáns Ólafssonar og fara ekkert nánar út í það.

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

HALLDÓR



Bjórinn

VIÐSKIPTI



Sigurjón Arnórsson starfar í fjárfestingabanka

Eins og margt ungt fólk á Íslandi hef ég þurft að fara utan til þess að fá ásættanlega vinnu og er nú staðsettur í Lúxemborg. Hér er hægt að kaupa allar gerðir áfengis út um allt á öllum tímum sólarhrings. Nágrannabúðin mín er með áfengisdeild sem er stærri en flestar Bónusbúðir á Íslandi. Flestar 24 tíma bensínstöðvar selja allt frá bjór til vodka og svo er hægt að panta sér rauðvín með pitsuheimsendingunni sinni.

Einn daginn var ég að vinna seint um kvöldið með samstarfsmönnum mínum þegar við ákváðum að panta okkur pitsur. Þegar ég sá kassa af rauðvínsflöskum koma með sendingunni reyndi ég að útskýra fyrir samstarfsmönnum mínum af hverju það væri skrítið fyrir Íslending að geta pantað heimsendingu af rauðvíni seint um kvöld. „Er áfengi ólöglegt á Íslandi?“ spurðu þau. „Nei, það má kaupa áfengi en bara í ríkisreknum búðum sem loka tímanlega og starfa ekki á sunnudögum. Svo má kaupa áfengi á veitingastöðum og börum en það er ólöglegt að fara út með drykkina.“ Viðbrögð starfsfélaga minna var smá hlátur og nokkur samúðarbrós. Svo sagði ein kona: „Ég sá í sjónvarpinu að sumir eskimóar væru óvenjulega veikir fyrir áfengi, þess vegna er það ólöglegt á nokkrum stöðum í Alaska.“ Ég svaraði þessari athugasemd með orðum Jóns Páls Sigmarssonar: „I

→ En getur einhver haldið því fram að íbúar þessara þjóða séu meiri alkóhólistar en Íslendingar?

am not an Eskimo, I am a Viking!“ Að svo komnu máli ákvað ég að ræða þetta ekki frekar.

Þegar ég bjó í Belgíu tók ég einnig eftir því hvað áfengisreglugerðin þar var allt öðru vísi en á Íslandi. Hún var mjög svipuð þeirri í Lúxemborg. Það er t.d. mjög vinsælt að kaupa bjór í bíóm í staðinn fyrir gosdrykki. Úti um allt eru bjórúðir og vínúðir sem eru með gríðarlegt úrval af alls konar áfengisdrykkjum og það er minnsta mál að hoppa út í sjoppu til þess að kaupa sér rauðvínsflösku með matnum. En getur einhver haldið því fram að íbúar þessara þjóða séu meiri alkóhólistar en Íslendingar?

Ég hef sjálfur aldrei verið mikið fyrir áfengi. En maður spyr sig af hverju er þetta svona öðru vísi á Íslandi? Til hvers er verið að flækja hlutina fyrir neytendum? Af hverju er ríkið að heimta einkarétt á söluvöru sem gæti auðveldlega verið seld í frjálsum og einkareknum fyrirtækjum? Af hverju þurfum við eyða tíma í þetta á Alþingi og gera vesen úr þessu máli? Er það svona gríðarlega erfitt að leyfa fullorönu fólki að kaupa bjór út í búð?

Þjóðarsálarflækjur

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Sit hér í útlenskri miðborg sem er full af fólki en ekki flugvélum; þeir eru skritnir þessir útlendingar: eru með flugvélnar utan bæjarmarkanna og voga sér jafnvel að hafa kaffihús í miðborgunum þar sem fólk situr innan um hvert annað í stað þess að horfast á gegnum bílrúður og talast við með bíflautum.

Þrjúgur reiðinnar

BRITE THEATRE Kolbrún Björt Sigfúsdóttir leikstjóri og Emily Carding leikkona vinna nú að uppsetningu á Ríkhærði III fyrir eina konu. MYND ÚR EINKASAFNI

Málfundur um kynblint hlutverkaval

Fulltrúar leikhópsins Brite Theater sem nú vinnur að aðlögun á hinu fræga verki Shakespeares Ríkhærði III fyrir eina kona efnir til málfundar í Tjarnarbíói í dag.

Leikhópurinn Brite Theater vinnur nú að aðlögun á Ríkhærði III fyrir eina konu í vinnustofu sinni í Tjarnarbíói. Af því tilefni efnir hópurinn til málfundar um kynblint hlutverkaval á bar Tjarnarbíós í dag klukkan 18. Þar mun Kolbrún Björt Sigfúsdóttir leikstjóri fjalla um viðtökur við konum í karlhlutverkum í sýningu Brite Theatre á verkinu Shakespeare in Hell, sem sýnt hefur verið víða á Englandi, og vakningu um kynblint hlutverkaval í Bretlandi í dag. Síðan ræðir Emily Carding leikkona um reynslu sína af því að leika klassísk karlhlutverk. Auk þess er von á góðum gestum sem taka munu til máls.

Að sögn þeirra stallsystra er um þessar mundir mikið rætt í Bretlandi um mikilvægi þess að skoða hlutverk út frá hinu kyninu, sem einhvers konar söguendurritun, og opna fyrir möguleikann á því að

konur geti leikið rullur sem upphaflega voru ætlaðar karlmönnum. Sögulega er meira um hlutverk fyrir karlmenn í leikhúsi en konur eru nú í miklum meirihluta leiklistarfólks og er því ójafnvægi milli þess hverjir skapa listina og hverja hún túlkar.

Nýverið hefur myndast hreyfing innan Bretlands þar sem konur snúa sér að því að leika týpísk karlhlutverk og karlar takast á við kvenhlutverk af meiri alvöru en tíðkast hefur undanfarna áratugi. Þetta er hluti af stærri hreyfingu þar sem fólk er að átta sig á að jafnræði er ekki komið á innan listarinnar. Leikhúsið er því sett í sviðsljósið í þessari umræðu.

Á fimmtudagskvöldið klukkan sjö munu þær Emily og Kolbrún Björt svo sýna verkið Ríkhærði III, verk í vinnslu í Tjarnarbíói.

-gun

Fjölskyldan með augum barnsins

BÆKUR ★★★★★

Svarthvítir dagar

Jóhanna Kristjónsdóttir
SÖGUR

Í endurminningabókinni Svarthvítum dögum rifjar Jóhanna Kristjónsdóttir upp æsku sína frá fyrstu minningum til sextán ára aldurs. Sagan nær þó mun lengra aftur í tímann því í leiðinni segir hún sögur bæði móður- og föðurforeldra sinna auk móður sinnar og föður og fleira fólks, bæði skylds og óskylds. Frásögnin er því allt í senn æskuminningar, ættarsaga og aldarfarslýsing tuttugustu aldarinnar. Allt þetta fólk sprettur ljóslifandi fram á síðum bókarinnar, séð með augum barnsins og það er ekki hægt annað en að dást að því hversu fullkomlega Jóhönnu tekst að setja sig í spor litlu stúlkunnar sem hún eitt sinn var og segja söguna út frá hennar upplifun og sjónarhóli.

Uppvaxtarsagan er sögð í rétttri tímaröð frá fyrstu örminningu tveggja ára barns til orlagaríks kvöldis sextán ára stúlku á Laugavegi ellefu. Frásögnin af öðru fólki sem við sögu kemur flakkar hins vegar fram og aftur í tíma og smátt og smátt raðast saman mynd af ævi og kjörum nokkuð dæmigerðrar íslenskrar fjölskyldu á seinni hluta síðustu aldar. Saga kvennanna er þar í forgrunni og ekki hægt annað en að dást að þeirri hörku og þrautseigju sem þær beita, hver á sinn hátt, til að ná fram sínum hjartans málum, koma börnum sínum til manns við misjafnar aðstæður en þó fyrst og fremst að halda reisin og bera höfuðið hátt hvað sem á dynur. Það er ekkert verið að velta sér upp úr tilfinningasemi og tittlingaskít í þessum fjölskyldum og á nútímalesanda verka viðbrögð persónanna við erfiðum málum stundum eins og hálfgerð mannska. Það er þó fjarri lagi og frá-



JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR „Að lestri loknum er ekki frítt við að maður sakni alls þessa stórbrotna fólks og óski þess að fá meira af því að heyra.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


sögnin öll litast af hlýju, væntumþykju, góðum húmor og næmu auga fyrir því kostlega í hversdagslífinu ekki síður en því sem erfiðara er. Hér er fólk af þremur kynslóðum, hvert með sína bresti og kosti og allt saman meira og minna heillandi í sínum breyskleika. Að lestri loknum er ekki frítt við að maður sakni alls þessa stórbrotna fólks og óski þess að fá meira af því að heyra.

Jóhanna er listagóður penni eins og alþekkt er og hér er

hún sannarlega í essinu sínu. Stíllinn er þéttur og markviss, engar krúsidúllur eða kám, frásögnin rennur fram eins og bæjarlækur, létt og syngjandi á yfirborðinu en með ansi þungri undiröldu á köflum þegar farið er yfir erfiðustu flúðirnir. Frásögnin sagnar lesandann til sín og það er nánast ógjörningur að leggja bókina frá sér fyrr en lestri síðustu blaðsíðunnar er lokið. Og þá langar mann helst að byrja á henni strax aftur!

Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Listavel skrifuð og grípandi endurminningabók með sterkum persónum, flottri aldarfarslýsingu og djúpri barnslegri upplifun af heiminum.



ÍBÚASAMTÖKIN BETRA BREIÐHOLT

Aðalfundur í Gerðubergi

Miðvikudaginn 12. nóvember kl. 20:00

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar lagðir fram
3. Kosning stjórnar
4. Kosning skoðunarmanna
5. Önnur mál



>> Gengið inn að neðanverðu.

Á fundinum verður rætt um það sem er verið að gera í hverfinu. Skólum hverfisins verða veittar gjafir frá íbúasamtökunum. Leikskólar hverfisins fá gjafir frá íbúasamtökunum

Dagur B Eggertsson borgarstjóri

verður gestur fundarins og fer yfir málefni hverfisins.

Fundarstjóri verður Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri

Stjórn IBB

Tvö verk Ásmundar afhjúpuð

Verkin Fýkur yfir hæðir og Móðir mín í kví kví voru afhjúpuð í Seljahverfi á föstudaginn var. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhjúpaði verkin.

Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, afhjúpaði verkin Móðir mín í kví kví og Fýkur yfir hæðir eftir Ásmund Sveinsson við Seljatjörn og Seljakirkju á föstudagsmorgun. Þetta eru fyrstu tilistaverk sem Reykjavíkurborg hefur sett upp í Seljahverfi. Á sama tíma var opnuð sýning á listaverkum barna í fjórða bekk Seljaskóla í Seljakirkju. Þema sýningarinnar er þjóðsögur og verk Ásmundar Sveinssonar en sýningin er unnin undir handleiðslu kennara í Seljaskóla og í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Bókmenntaborgina. Öll börn í þriðja, fjórða og fimmta bekk Seljaskóla taka þátt í viðburðinum.

Viðburðurinn hófst við Seljatjörn þar sem borgarstjóri afhjúpaði verkið Móðir mín í kví, kví eftir Ásmund Sveinsson. Þaðan var farið í skrudgöngu að Seljakirkju þar sem borgarstjóri afhjúpaði verkið Fýkur yfir hæðir. Þá var opnuð sýning á verkum barnanna sem þau hafa unnið að undanfarnar vikur í skólanum og í Ásmundarsafni. Á sýningunni eru klippimyndir með tilvísun í Krummasögur, myndasögur með tilvísun í þjóðsöguna um Bakkabræður og leirverk sem hafa vísun til álfa-sagna. Alls tóku 60 börn þátt í verkefninu en þau hafa jafnframt



AFHJÚPUN Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhjúpaði tvö verk Ásmundar Sveinssonar í Seljahverfi. Öll börn í þriðja, fjórða og fimmta bekk Seljaskóla tóku þátt í viðburðinum.

sótt sér efnivið í verk Ásmundar Sveinssonar. Þau fengu m.a. leiðsögn í Ásmundarsafni um verk Ásmundar og unnu leirverk í safninu.

Ásmundur mótaði verkið Fýkur yfir hæðir þegar hann bjó og starfaði á Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi á árunum 1931-1933. Um þessa falletu en jafnframt

átakanlegu mynd sagði Ásmundur: „Ég gerði hana í Laugarnesi. Það var bylur úti og mér datt í hug að gera mynd af konu sem reynir að vernda barnið sitt. Lítil strákur kom svo til mín síðar, sá skissuna og segir: „Ég veit hvað þessi mynd heitir.“ „Og hvað heitir hún?“ sagði ég. „Fýkur yfir hæðir,“ sagði strákski.“

Er prentkostnaðurinn í ruglinu?

Lækkaðu hann um allt að 30%



Betri yfirsýn
yfir prentun



Lægri kostnaður –
fast verð á mánuði



Umhverfsvænni
prentun



Við sjáum um
rekstur og viðhald

Rannsóknir sýna að útvistun á prentrekstri getur lækkað prentkostnað um allt að 30%. Með útvistun fá fyrirtæki líka aukinn tíma og svigrúm til að sinna kjarnarekstri sínum.

Advania býður fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum sérsníðna prentþjónustu. Náðu tókum á prentkostnaðinum. Hafðu samband við okkur og við sérsníðum lausn handa þér og þínu fyrirtæki.

advania.is/prentlausnir | Sími 440 9010



advania

Welcome to IT

LAUGARÁSBIÓ **Coca-Cola**

16

JOHN WICK

NIGHTCRAWLER

16

LAUGARÁSBIÓ	Sýningartímar
NIGHTCRAWLER	5, 8, 10:30
JOHN WICK	8, 10:10
GRAFIR & BEIN	6
BORGRIKI 2	8, 10:10
KASSATRÖLLINN 2D	5:50

SAMBIO.IS

★★★★★ "BRAINY, BARMY AND BEAUTIFUL TO BEHOLD" "THIS IS NOLAN AT HIS HIGHEST-FUNCTIONING" EMPIRE

★★★★★ "MUST SEE MASTERPIECE, ONE OF THE MOST EXHILARATING FILM EXPERIENCES SO FAR THIS CENTURY." NEW YORK POST

★★★★★ "TILFINNINGARÚSSIBANI SEM BEST NYTUR SÍN Á STÓRU BIÓHALDI. ÖTRÚLEG UPPFURN!" T.V. SÉÐ & HEYRT

★★★★★ "PARALLELS TO STANLEY KUBRICK'S '2001: A SPACE ODYSSEY'" TIME OUT LONDON

INTERSTELLAR

FRÁ CHRISTOPHER NOLAN, MANNINUM SEM FÆRDI ÖKKUR INCEPTION OG DARK KNIGHT PRILEIKINN KEMUR SÁNNKALLAD MEISTARAVERK

★★★★★ "BESTA SVEPPANVINNIN TIL ÞESSA" MÍMI

ALGJÖR SVEPPI

SMÁRÁBIÓ

INTERSTELLAR	kl. 6-8:20-10
INTERSTELLAR VIP	kl. 6:30-10
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6-8
JOHN WICK	kl. 8-10:20
THE REWRITE	kl. 5:40-8-10:20
ALEXANDER	kl. 6
ANNABELLE	kl. 10:20
AFINN	kl. 5:40

SMÁRÁBIÓ **ÁLFABAKKA**

INTERSTELLAR	kl. 6-8:20-10
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6-8
JOHN WICK	kl. 8-10:20
THE REWRITE	kl. 5:40-8-10:20
ALEXANDER	kl. 6
ANNABELLE	kl. 10:20
AFINN	kl. 5:40

SMÁRÁBIÓ **EGILSHÖLL**

INTERSTELLAR 4K	kl. 8
INTERSTELLAR	kl. 6-9:30-10:20
ALGJÖR SVEPPI	kl. 5:40
JOHN WICK	kl. 5:40-8-10:40
THE JUDGE	kl. 8
ALEXANDER	kl. 6

SMÁRÁBIÓ **KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI**

INTERSTELLAR	kl. 5:30-8-9
ALGJÖR SVEPPI	kl. 5:40
THE JUDGE	kl. 10:20
AFINN	kl. 5:40-8

SMÁRÁBIÓ **KEFLAVÍK**

INTERSTELLAR	kl. 8-10:20
ALGJÖR SVEPPI	kl. 8

SMÁRÁBIÓ **AKUREYRI**

INTERSTELLAR	kl. 6:30-8:30-10
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6

SMÁRÁBIÓ HÁSKÓLA BIÓ

ISLAND HEFUR ALDRÉI LITIB BETUR ÚT Á HVÍTA TJALDINU

★★★★★ EMPIRE

★★★★★ VARIETY

★★★★★ NEW YORK POST

★★★★★ T.V. SÉÐ & HEYRT

★★★★★ TIME OUT LONDON

INTERSTELLAR

SMÁRÁBIÓ **5%**

INTERSTELLAR	KL. 5:30-9-10
INTERSTELLAR LUXUS	KL. 5:30-9
GRAFIR OG BEIN	KL. 5:45-8
FURY	KL. 8-10:50
BORGRIKI	KL. 5:45-8
GONE GIRL	KL. 5-10:10
KASSATRÖLLIN ISL TAL. 2D	KL. 3:30
SMÁHEIMAR ISL TAL. 2D	KL. 3:30

HÁSKÓLA BIÓ **5%**

NIGHTCRAWLER	KL. 5:30-8
GRAFIR OG BEIN	KL. 8-10:30
FURY	KL. 9
HEMMA	KL. 5:45
BORGRIKI	KL. 5:50-10:10
GONE GIRL	KL. 9

Söngdívurnar sigruðu

TÓNLIST ★★★★★

Kelela

Húrra, 8. nóvember
ICELAND AIRWAVES

Þegar okkur bar að garði var Kelela stigin á svið á skemmtistaðnum Húrra en hún kemur frá borg englanna, Los Angeles. Kelela byrjaði tónleikana á nýrri útgáfu af laginu Floor Show af fyrstu plötu sinni Cut 4 Me, sem inniheldur ferskasta R&B sem er í gangi í dag. Á plötunni syngur Kelela yfir fútúríska takta eftir framsækna taktsmíði frá plötuútgáfunum Fade to Mind og Night Slugs; takta eftir tónlistarmenn eins og Nguzunguzu sem komu einnig fram á hátíðinni, Bok Bok, Kingdom og fleiri.

Á þessum frábæru tónleikum tók Kelela lög af fyrstu plötu sinni ásamt nýju efni sem var sannur heiður að fá að tjútta við, meðal annars nýjan takt eftir AraabMuzik. Hún heillaði mig gjörsamlega upp úr skónum ásamt sjálfri Björk sem var fremst á tónleikunum og leit út fyrir að skemmta sér frábærliga. Þarna voru líka samankomnar tvær alvöru söngdívur sem eru í fremstu röð framsýnnar tónlistar í heiminum í dag. Takk dómur!

Kelelu til halds og trausts voru tveir plötusnúðar sem héldu uppi stuðinu. Þetta voru án efa bestu tónleikar sem ég sótti á hátíðinni í ár. Kelela syngur svo áreynslulaust og fallega en ásamt því að vera frábær lagahöfundur er hún ótrúleg söngkona með stórt raddsvið. Eitt það yndislegasta við þessa tónleika var að heyra hana syngja lagið Bank Head, sem var valið besta lag ársins 2013 af breska tímaritinu Dazed og það með réttu.

Þórður Ingi Jónsson

NIÐURSTAÐA: Bestu tónleikarnir á hátíðinni. Stórkostleg tónlistarkona í alla staði.

Grænmeti sæta

BAKPANKAR Ég horfði nýlega á myndband um Berglindar Pétursdóttur



Ég horfði nýlega á myndband um Berglindar Pétursdóttur og gerðist í kjölfarið æsipólítísk grænmetisæta. Ég veit að fólk leiðist þegar fólk talar um að það sé grænmetisætur eða æfi cross-fit svo ég hef reynt af mesta megni að ræða þetta við sem fæsta og skrifa helst ekki um það í blóðin nema þegar í harðbakkann slær. Nú er ég alveg að niðurlotum komin eftir að standa í kremju á Knife-tónleikum alla helgina svo að hér kemur þetta og ég vona að þið takið ekki illa í, grænmeti er nefnilega frábært.

PESSAR pólítísku aðgerðir eru búnar að ganga sérstaklega vel fyrir sig, fyrir utan þegar ég sporrenndi óvart skinkusneið sem var búin að koma sér vel fyrir innan

veggja rúnstykki og var svo bragðlaus að ég tók ekki eftir henni fyrr en síðasta sesamfræið hafði verið nagað. Þess utan hef ég ekki smakkað kjötmeti og sakna þess mjög lítið. Ég hélt í fyrstu að mér myndi leiðast hljóðið af braki gulrótur undir tönn til lengdar þar sem kjöt hefur verið á boðstólum heimilisins nær daglega í mjög langan tíma. Þannig er mál með vexti að jafngóði helmingurinn er mikill tilboðsmaður og veit ekkert betra en að gera góð kaup á fillet-i. Nú situr hann einn að afsláttarkjötinu meðan hin róttæka grænmetisæta prófar sig áfram í kínóa-suðu og gleypir í sig heilu pokana af lífrænum gjöfum jarðar.

ÉG er sannarlega að læra að lifa upp á nýtt. Það er alveg merkilegt hversu svipaður risavaxinn sveppur er hamburgara, sé hann bara settur milli tveggja brauða og úðaður með sósu. Það leynast lausnir víða fyrir grænmetisætur sem vilja ekki bara borða salat og sérstaklega er gott að finna sálufélaga sína á netinu sem hafa stofnað spjallhóp um sveittan grænmetismat. Hvílíkt himnaríki.

Hvítklæddir og dansvænir

TÓNLIST ★★★★★

Caribou

Listasafn Reykjavíkur laugardagskvöld
ICELAND AIRWAVES

Bandaríski stærðfræðidoktorinn Dan Snaith er maðurinn á bak við hljómsveitina Caribou, sem hefur komið áður hingað til lands.

Snaith mætti á sviðið með þremur samstarfsmönnum sínum og voru þeir allir hvítklæddir. Hljóðfærum þeirra hafði verið stillt upp nánast í hring og á bak við þá var búið að koma upp blikkandi ljósum.

Caribou náði upp ffinni stemningu í Hafnarhúsinu og reyndi fólk hvað það gat til að dansa í mannmergönni, enda tónlistin dansvæn með lifandi undirleik sem gætti hana auknu lífi.

Tónlistin heillaði mann reyndar ekki upp úr skónum en hentaði samt vel seint á laugardagskvöldi með tilheyrandi ljósasýningu.

Freyr Bjarnason

NIÐURSTAÐA: Caribou náði upp góðri stemningu í Hafnarhúsinu.



HVÍTT VIÐ HVÍTT Meðlimir sveitarinnar Caribou voru ekki mjög litríkir á sviðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



MIKIL STEMNING Listasafnið var troðfullt og skemmtu gestir sér vel á tónleikum Future Islands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Hreint út sagt yndisleg innlifun

TÓNLIST ★★★★★

Future Islands

Listasafn Reykjavíkur
ICELAND AIRWAVES

Margir voru mættir í Hafnarhúsið á laugardagskvöld til að fylgjast með Future Islands vegna eftirminnilegrar sviðsfrankomu söngvarans Samuels T. Herring í spjallþætti Davids Letterman í vor.

Þar dansaði hann um sviðið, beygði sig og sveigði, þannig

að tónlistaráhugamenn og aðrir tóku eftir víða um heim. Þeir sem vonuðust eftir öðrum eins kúnstum á Airwaves-tónleikum um urðu ekki fyrir vonbrigðum. Erfitt var að taka augun af Herring á sviðinu því og ef maður svo mikið sem blikkaði var hann kannski búinn að skutla sér niður og upp aftur á örskotsstundu. Þar fyrir utan hoppaði hann eins og górilla, barði sér á brjóst í hjartastað og sló sig jafnvel utan undir til að undirstrika texta sína. Innlifunin var hreint út sagt yndisleg og eitthvað sem margir aðrir

tónlistarmenn mættu taka sér til fyrirmyndar. Söngstíll hans var einnig skemmtilegur og raddsviðið breitt, því hann gat rumið eins og daudarokkari en var einnig jafnvígur á flott rokköskur.

Tónlist hinnar bandarísku Future Islands er synthaskotið popp, rokk, oft undir áhrifum frá eitís-tónlist. Fjórir meðlimir eru í hljómsveitinni og enginn gítar var notaður, heldur hljómborð, trommur og bassi, sem fékk vel að njóta sín. Lögin voru flest hver skemmtileg og grípandi,

stundum svolítið lík, en það angraði mann ekkert að ráði.

Þegar Herring og félagar töldu í „Letterman“-lagið sitt, Seasons (Waitin For You) ætlaði allt um koll að keyra í salnum og rifu áhorfendur upp símana sína til að festa atburðinn á filmu. Lokalagið hét Spirit, sem átti einkar vel við því það er eitthvað sem Herring hefur meira en nóg af.

Freyr Bjarnason

NIÐURSTAÐA: Skemmtilegir tónleikar með heillandi söngvara.

FISKIBOLLUR

NÝSTEIKTAR & FLOTTAR

990

kr/kg

FISKFARS

990

kr/kg

FISKHAKK
MED & AN LAUKS

990

kr/kg

JÓLASÍLDIN
ER KOMIN



MARINERUD SÍLD



KARRÍSÍLD



SINNEPSÍLD



TÓMATSÍLD



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755



HAFBERG
fiskbúð sælkerans

Gnoðarvogi 44
Sími 588 8686





SIGURMARK Diego Costa skoraði sigurmark Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ENSKI BOLTINN

LIVERPOOL - CHELSEA	1-2
1-0 Emre Can (9.), 1-1 Gary Cahill (14.), 1-2 Diego Costa (67.).	
BURNLEY - HULL	1-0
1-0 Ashley Barnes (50.).	
MAN. UNITED - CRYSTAL PALACE	1-0
1-0 Juan Mata (67.).	
SOUTHAMPTON - LEICESTER	2-0
1-0 Shane Long (76.), 2-0 Shane Long (80.).	
WEST HAM - ASTON VILLA	0-0
QPR - MAN. CITY	2-2
1-0 Charlie Austin (21.), 1-1 Sergio Agüero (32.), 2-1 Sjálfsm. Demichelis (76.), 2-2 Agüero (83.).	
SUNDERLAND - EVERTON	1-1
1-0 S. Larsson (67.), 1-1 L. Baines, víti (76.).	
TOTTENHAM - STOKE	1-2
0-1 Bojan (6.), 0-2 Walters (33.), 1-2 Chadli (77.).	
WEST BROMWICH - NEWCASTLE	0-2
0-1 Ayoze (45.), 0-2 Fabricio Coloccini (62.).	
SWANSEA - ARSENAL	2-1
0-1 Alexis Sánchez (63.), 1-1 Gylfi Þór Sigurðsson (75.), 2-1 Bafétimbi Gomis (78.).	

STAÐA EFSTU LIÐANNA

Chelsea	11	9	2	0	28 - 11	29
Southampton	11	8	1	2	23 - 5	25
Man. City	11	6	3	2	22 - 12	21
West Ham	11	5	3	3	19 - 14	18
Swansea	11	5	3	3	15 - 11	18
Arsenal	11	4	5	2	19 - 13	17
Man. United	11	4	4	3	17 - 14	16
Newcastle	11	4	4	3	13 - 15	16

Gylfi heill og sjóðandi heitur

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði stórkostlegt mark beint úr aukaspyrnu í endurkomusigri Swansea á móti Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í gær. Hann hefur komið að 60 prósent marka Swansea-liðsins á leiktíðinni.

FÓTBOLTI Gylfi Þór Sigurðsson komst ekki aðeins heill í gegnum leik Swansea á móti Arsenal í ensku úrvalsdeildinni í gær heldur var stórkostlegt mark íslenska landsliðsmannsins upphafið að endurkomu velska liðsins sem hefur nú unnið bæði Manchester United og Arsenal á tímabilinu. Í báðum leikjum var þar snilli íslenska landsliðsmannsins sem breytti öllu fyrir Swansea-liðið sem vann Arsenal 2-1 í gær.

Gylfi hefur nú komið með beinum hætti að 9 af 15 mörkum Swansea í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu eða 60 prósent marka liðsins. Gylfi skoraði sitt annað mark í gær en hefur einnig gefið sjö stóðsendingar. Hann hefur átt þátt í marki í öllum fimm sigurleikjum liðsins þar sem hann hefur verið maðurinn á bak við sjó af tíu mörkum velska liðsins.

Frábært að skora

„Við gáfum allt til að ná sigrinum í lokin. Við höfðum smá heppni með okkur og náðum að landa sigrinum,“ sagði Gylfi í sjónvarpsviðtali eftir leikinn.

„Það var sérstakt að skora í þessum leik af því að við komum til baka eftir að hafa lent 1-0 undir. Þetta var frábær leikur og það var frábært að skora. Þetta snýst samt um að vinna leikina og það tókst í kvöld,“ sagði Gylfi.

„Þetta snýst allt um að hafa trú. Við tölum um það að hafa þessa trú

fyrir leikinn, um hversu góðir við höfum verið og hversu góðir við getum orðið. Við sýndum karakter í þessum leik,“ sagði knattspyrnu-stjórinn Garry Monk og hann var ánægður með Gylfa.

„Gylfi Sigurðsson hefur verið svektur með að hafa ekki fengið mörg tækifæri til að skora svona mörk. Hann fékk það í dag og skoraði frábært mark sem kom okkur í gang í leiknum,“ sagði Monk og bætti við: „Við unnum Manchester United á fyrsta degi og við vorum að vinna Arsenal. Við erum að leggja mikla vinnu í að bæta okkur á æfingarsvæðinu og það er gaman að sjá það skila sér,“ sagði Monk.

Ofar en United og Liverpool

Swansea-liðið verður því í fimmta sæti deildarinnar í landsleikjahléinu með stigi meira en Arsenal, tveimur stigum meira en Manchester United og fjórum stigum meira en Liverpool. Það er morgunljóst að stigin væru ekki átján ef Monk hefði ekki keypt Gylfa.

Frammistaða Gylfa í gær eru frábærar fréttir fyrir íslenska landsliðið sem mætir Tékklandi um næstu helgi í uppgjöri tveggja efstu liðanna í A-riðli undankeppni Evrópumótsins 2016. Það mikilvægasta við gærðaginn var að Gylfi slapp ómeiddur í gegnum leikinn og það er ekki að sjá annað en að Gylfi komi heill og sjóðandi heitur til móts við íslenska landsliðið í vikunni. oo@frettabladid.is

SIGURLEIKIR SWANSEA Í VETUR

2-1 SIGUR Á MANCHESTER UNITED
GYLFI MEÐ MARK OG STÓÐSENDINGU

1-0 SIGUR Á BURNLEY
GYLFI MEÐ STÓÐSENDINGU

3-0 SIGUR Á WEST BROM
GYLFI MEÐ TVÆR STÓÐSENDINGAR

2-0 SIGUR Á LEICESTER
GYLFI MEÐ STÓÐSENDINGU

2-1 SIGUR Á ARSENAL
GYLFI MEÐ MARK BEINT ÚR AUKASPYRNU



STÓRKOSTLEGT MARK Gylfi Þór Sigurðsson fagnar hér marki sínu í gær sem var eitt það fallegasta sem hann hefur skorað í ensku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Metið bætt í beinni?

Leikur Njarðvíkur og Keflavíkur sýndur á Stöð 2 Sport.

KÖRFUBOLTI Kvöldið í kvöld getur orðið sögulegt fyrir bæði körfuboltaliði Njarðvíkur og hjálfrarann Friðrik Inga Rúnarsson sem vantar einn sigur til þess að bæta met sitt og Vals Ingimundarsonar yfir flesta úrvalsdeildarsigra sem hjálfrari karlalíðs Njarðvíkur.

Fyrir leikinn í kvöld hafa þeir Friðrik Ingi og Valur báðir stýrt Njarðvíkurliðinu til sigurs í 94 leikjum í úrvalsdeild karla. Þeir hafa í gegnum tíðina skipst á því að taka metið hvor af öðrum síðan Valur bætti met Gunnars Þorvarðarsonar árið 1994.

Friðrik Ingi tók metið af Val tímabilið 1999-2000 en Valur endurheimti það þegar hann tók við Njarðvíkurliðinu í þriðja sinn veturinn 2008-09. Nú er Friðrik Ingi á sínu þriðju vakt í Ljónagryfjunni og hefur þegar stýrt liðinu til sigurs í tveimur leikjum og með því jafnað met Vals.

Einar Árni Jóhannsson var þó kominn ansi nálægt metinu síðasta vor en lokasigur liðsins í deildinni var hans 93. sem hjálfrari Njarðvíkur í úrvalsdeild. Einar Árni hætti hins vegar með liðið eftir tímabilið en reynir kannski við metið einhvern tímann seinna.

Teitur Örylgsson er aðstoðarhjálfrari Friðriks í dag en hann hjálpaði Friðriki að vinna 89 af þessum leikjum sem leikmaður

Njarðvíkurliðsins. Teitur spilaði fyrir Friðrik fyrstu fimm tímabil hans sem hjálfrari liðsins en missti af þremur sigurleikjum. Teitur náði einnig að hjálpa Val að vinna 80 af sínum 94 leikjum sem leikmaður.

Friðrik Ingi hefur stýrt Njarðvíkurliðinu til sigurs í sjö af tíu leikjum í deildarkeppni og tvö af þessum þremur tölum liðsins hafa verið með aðeins eins stigs mun. Leikur Njarðvíkur og Keflavíkur hefst klukkan 19.15 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. - 66j

FLESTIR SIGRAR PJÁLFAKA NJARÐVÍKUR:

94 SIGURLEIKIR

Valur Ingimundarson

Friðrik Ingi Rúnarsson →

93 SIGURLEIKIR

Einar Árni Jóhannsson

75 SIGURLEIKIR

Friðrik Ragnarsson

51 SIGURLEIKIR

Gunnar Þorvarðarson



Ekki sama hvort sætið er

Tvö sæti eru laus á HM í handbolta í Katar í janúar.

HANDBOLTI Bæði Barein og Sam-einuðu arabísku furstadæmin hafa nú gefið eftir sæti sitt á HM í handbolta og eru því allt í einu tvö sæti laus á heimsmeistaramótinu sem fer fram í Katar í janúar.

Alþjóðahandboltasambandið mun ákveða það 21. nóvember hvort Ísland fái að vera með í Katar. Það er mikill munur á riðlunum sem þessar tvær þjóðir voru

í. Barein var í riðli með Danmörku, Þýskalandi, Póllandi, Rússlandi og Argentínu sem er mjög sterkur riðill sem yrði ógnvænlegur bættist önnur Evrópuþjóð við.

Furstadæmin voru aftur á móti í riðli með Frökkum, Svíum, Tékkum, Alsíringum og Egyptum. Þetta er vissulega erfiður riðill en þó langt frá því að vera eins erfiður og hinn. - 66j

NOTAÐIR BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI



► Verð: 7.950.000 kr.

Volvo XC60 Summum D4 ZH245

Skráður maí 2014, 2,4TDi dísil, sjálfskiptur

Ekin 32.000 km. Í ábyrgð

FERÐAFJÖR

Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna

400.000 KR.

GJAFABRÉF FRÁ WOW^{air}*

Hvert myndir þú fara?



► FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



► Verð: 990.000 kr.

Ford Focus Trend NS134

Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, beinskíptur

Ekin 106.000 km. Í ábyrgð



► Verð: 3.290.000 kr.

Ford B-MAX Titanium TLK55

Skráður júní 2013, 1,6i bensín, sjálfskiptur

Ekin 17.000 km. Í ábyrgð

Skoðuðu úrvalið á

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Notaðir bílar - Brimborg

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



VÖRUGJÖLD
AFNUMIN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU ÞVOTTADAGAR

0%
VEXTIR
Vaxtalausar
raðgreiðslur
í tólf mánuði*

22% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÞVOTTAVÉLUM,
ÞURRKURUM OG UPPÞVOTTAVÉLUM.

Afslátturinn vegna væntanlegrar vörugjaldsniðurfellingar (17%)
er hluti af ofangreindum afslætti.



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 60260FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1200
snúningar. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Íslensk
notendahandbók.

106.002

Verð áður 135.900



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 60460FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1400
snúningar. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Íslensk
notendahandbók.

113.802

Verð áður 145.900



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 75470FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1400
snúningar. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Kolalaus mótör.
Íslensk notendahandbók.

140.322

Verð áður 179.900



ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL

Lavamat 75670FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1600
snúningar. Öll hugsanleg
þvottakerfi. Kolalaus mótör.
Íslensk notendahandbók.

148.122

Verð áður 189.900



AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS

T61270AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af
tromlu sem minnkar slit og dregur
úr krumpum. Snýr tromlu í báðar
áttir og er með rakaskynjara.

109.122

Verð áður 139.900



AEG

UPPÞVOTTAVÉL

F56302MO
Topplaus undir borðplötu.
Vatnsskynjari, hljóðlát með 5
þvottakerfi.

HVÍT **101.322**

Verð áður 139.900

STÁL **109.122**

Verð áður 139.900



AEG

UPPÞVOTTAVÉL

F66692M0P
Topplaus undir borðplötu.
Vatnsskynjari, hljóðlát með 5
þvottakerfi og þurrkar með heitum
blæstri.

HVÍT **140.322**

Verð áður 179.900

STÁL **148.122**

Verð áður 189.900

MÍNUS
22%

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

Stöð 2 kl. 20.30

Brestir

Öðruvísi fréttaskýringabáttur sem rýnir í bresti samfélagsins. Forvitnir þáttarstjórnendur gægjast undir yfirborðið og fylgjast með því sem fram fer fyrir luktum dyrum. Umsjónarmenn eru Lóa Pind Aldísardóttir, Kjartan Hreinn Njálsson og Þórhildur Porkelsdóttir.



Í KVÖLD



I am Sam

BÍÓ KL. 19.45 Ógleymanleg kvikmynd sem fékk frábæra dóma og eina tilnefningu til Óskarsverðlauna. Hún fjallar um Sam Dawson, en hann hefur þroska á við sjö ára barn.



Mike and Molly

STÖÐ 2 KL. 19.40 Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



The Newsroom

STÖÐ 2 KL. 22.45 Þriðja þáttaröðin af þessum mögnuðu og dramatísku þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.

Bylgjan kl. 10.00

Ívar Guðmunds

Ívar mætir ferskur eftir helgina og kemur þér inn í vikuna með góðri tónlist.



LÉTT BYLGJAN
967
- JÓLASTÖÐIN ÞÍN!

Undirbúningur jólanna er hafinn!

Létt Bylgjan er í Útvappinu
Útvappið má nálgast á Google Play eða App Store
undir leitarorðinu "Bylgjan"



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Wonder Years
- 08.30 2 Broke Girls
- 08.50 Mom
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Doctors
- 10.20 Kingdom of Plants - special
- 11.20 Kjarnakonur
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Mistresses
- 13.45 So You Think You Can Dance
- 15.10 ET Weekend
- 16.00 Ofurhetjusérsveitin
- 16.20 Villingarnir
- 16.45 New Girl
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Mindy Project
- 19.40 Mike and Molly
- 20.05 Selfie
- 20.30 Brestir
- 21.00 Outlander
- 22.00 Legends
- 22.45 The Newsroom
- 23.40 Modern Family
- 00.00 The Big Bang Theory
- 00.25 Gotham
- 01.10 Stalker
- 01.55 The Strain.
- 02.35 Room in Rome
- 04.20 Outlander
- 05.15 Brestir.
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- besta sætið
- 12.40 Malmö - Atletico Madrid
 - 14.20 Þýsku mörkin
 - 14.50 Formúla 1 - Brasilía
 - 17.20 Real Madrid - Rayo
 - 19.00 Njarðvík - Keflavík Bein útsending frá leik Njarðvíkur og Keflavíkur í Dominos-deild karla.
 - 21.00 Spænsku mörkin 14/15
 - 21.30 Real Sociedad - Atletico Madrid
 - 23.10 Njarðvík - Keflavík
 - 00.40 Spænsku mörkin 14/15

SPORT 2

- enski boltinn
- 07.00 Swansea - Arsenal
 - 13.10 Southampton - Leicester
 - 14.50 Sunderland - Everton
 - 16.30 WBA - Newcastle
 - 18.10 Swansea - Arsenal
 - 19.50 Man. Utd. - Crystal
 - 21.30 Football League Show 2014/15
 - 22.00 Messan
 - 23.15 Tottenham - Stoke
 - 00.55 Messan

STÖÐ 3

- 17.10 Wipeout
- 17.55 Welcome To the Family
- 18.15 One Born Every Minute US
- 19.00 The Amazing Race
- 19.45 Friends With Benefits
- 20.05 Mind Games
- 20.50 Graceland
- 21.40 The Vampire Diaries
- 22.20 Veep
- 22.50 Witches of east End
- 23.30 Drop Dead Diva
- 00.15 Treme
- 01.10 The Amazing Race
- 01.55 Friends With Benefits
- 02.15 Mind Games
- 02.55 Graceland
- 03.40 The Vampire Diaries
- 04.20 Veep

Krakkastöðin

07.00 Brunabíllarnir 07.22 Lína Langsokkur 07.43 Ævintýraferðin 07.56 Tommi og Jenni 08.00 Kalli á þakinu 08.25 Latibær 08.47 Hvellur keppnisbíll 09.00 Könnuðurinn Dóra 09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 09.45 Doddi litli og Eyrnastór 09.55 Rasmus Klumpur og félagar 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.45 Elías 10.55 UKI 11.00 Brunabíllarnir 11.22 Lína Langsokkur 11.43 Ævintýraferðin 11.54 Tommi og Jenni 12.00 Kalli á þakinu 12.25 Latibær 12.49 Hvellur keppnisbíll 13.00 Könnuðurinn Dóra 13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 13.45 Doddi litli og Eyrnastór 13.55 Rasmus Klumpur og félagar 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.45 Elías 14.55 UKI 15.00 Brunabíllarnir 15.22 Lína Langsokkur 15.43 Ævintýraferðin 15.56 Tommi og Jenni 16.00 Kalli á þakinu 16.25 Latibær 16.49 Hvellur keppnisbíll 17.00 Könnuðurinn Dóra 17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 17.45 Doddi litli og Eyrnastór 17.55 Rasmus Klumpur og félagar 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.45 Elías 18.55 UKI 19.00 The Croods 20.40 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 17.05 Strákarnir
- 17.35 Friends
- 18.00 Arrested Development 3
- 18.25 Modern Family
- 18.45 Two and a Half Men
- 19.10 Sjálfstætt fólk
- 19.40 Eldsnögg með Jóa Fel
- 20.15 Sisters
- 21.00 The Mentalist
- 21.40 The Tudors
- 22.30 Zero Hour
- 23.15 Red Widow
- 00.00 Sjálfstætt fólk
- 00.30 Eldsnögg með Jóa Fel
- 01.00 Sisters
- 01.50 The Mentalist
- 02.30 The Tudors

BÍÓSTÖÐIN

- 11.05 Everything Must Go
- 12.40 Free Willy. Escape From Pirate's Cove
- 14.20 I Am Sam
- 16.30 Everything Must Go
- 18.05 Free Willy. Escape From Pirate's Cove
- 19.45 I Am Sam
- 22.00 The Change-up
- 23.50 Killing Bono
- 01.45 Cemetery Junction
- 03.20 The Change-up

RÚV

- 16.35 Skólaflíkur
- 17.20 Tré-Fú Tom
- 17.42 Spurt og sprellað
- 17.47 Grettir
- 17.59 Skúli skelfir
- 18.10 Um hvað snýst þetta allt?
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Orðbragð
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Óskalögin 1974 - 1983
- 20.05 Fita eða sykurl
- 21.00 1864
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið
- 22.45 Konur í evrópskri listasögu
- 23.45 Hæpið
- 00.15 Kastljós
- 00.40 Fréttir
- 00.55 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 15.00 Judging Amy
- 15.40 Design Star
- 16.25 The Good Wife
- 17.05 Red Band Society
- 17.45 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 Rules of Engagement
- 20.15 Kitchen Nightmares
- 21.00 Reckless
- 21.45 CSI
- 22.30 The Tonight Show
- 23.20 Parenthood
- 00.05 Ray Donovan
- 00.50 Reckless
- 01.40 CSI
- 02.25 The Tonight Show
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 World Golf Championship 2014
- 13.00 Golfing World 2014
- 13.50 PGA Tour 2014
- 16.50 Inside The PGA Tour 2014
- 17.15 PGA Tour Latinoamerica
- 17.40 Golfing World 2014
- 18.30 World Golf Championship 2014
- 23.30 Golfing World 2014

INN

- 20.00 Frumkvöðlar 20.30 Panorama 21.00 Fyrirtækjaheimsókir 21.30 Stormað

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro

FM 90,1

Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7

FM 957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7

X-ið
Bylgjan
Útvarp Saga

FM 100,5

K100
FM 102,9 Lindin

24
TÍMA
TJÓNA
ÞJÓNUSTA



AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER ÓTRÚLEGT

Tjón gera sjaldnast boð á undan sér. Þess vegna erum við á vakt allan sólarhringinn og tryggjum að þú fáiir bestu hugsanlegu tjónaþjónustu hvenær sem þú þarft á henni að halda.

24 tíma tjónaþjónusta – sími 800 7112

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ



MÁNUDAGSMYNDIN



„Það væri gaman ef mér væri boðið í bíó til að sjá 20.000 Days on Earth. Ég var lengi að gera það upp við mig hvort mig langaði að vita meira um Nick Cave og hugarheim hans eða hvort það sé betra að hann verði áfram sveipaður dularfullri hulu.“

Anna Margrét Björnsson, blaða- og tónlistarkona.

Loksins hægt að kaupa Hyl

Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuður vakti mikla athygli á Hönnunarmars í vor með skrifborðinu Hyl, en skrifborðið er nú komið í sölu í Epal.

Guðrún Valdimarsdóttir vöruhönnuður sýndi skrifborðið sitt Hyl á Hönnunarmars í vor og vakti mikla athygli. Fyrirspurnum um hvar og hvenær borðið verði fáanlegt hefur ekki linnt síðan þá.

„Ég ákvað því bara að láta framleiða það og nú get ég glatt alla með því að það er komið í sölu í Epal,“ segir Guðrún.

Hylur er framleiddur á Íslandi og er út matlakkadri hnotu og hvít-plasthúðuðum krossviði. „Þeir í

GKS framleiða það fyrir mig, en þeir hafa hjálpað mér rosalega mikið.“

Hönnun borðsins einkennist af sterkum og einföldum línunum, en aðalatriðið er hólf aftast á borðplötunni sem felur allar snúrur og hleðslutæki. „Ég hef eitt langt fjöltengi í hólfinu og þá er bara ein snúra frá borðinu, það er snyrtilegra en snúruflóð á gólfinu,“ segir hún.

Fram undan er vinna við að stækka línuna og fékk hún styrk

frá Hönnunarsjóði fyrir það verkefni, sem verður svo sýnt á Hönnunarmars 2015.

„Efnið verður svipað, en ég ætla að gera skrifstofulínu með skúffueiningu og skjalaskáp, en húsgögnin henta líka inn á heimili, enda margir með skrifstofur þar.“ Í september á næsta ári er stefnan svo sett á 100% hönnunarsýninguna í London, með Hyl og nýju línuna. „Það opnar vonandi einhver tækifæri fyrir mig erlendis,“ segir Guðrún.



LOKSINS FÁANLEGT Guðrún við skrifborðið sitt Hyl, sem nú er fáanlegt í Epal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lætur gamlan draum rætast í Hafnarfirði

Harpa Einarsdóttir opnar verslunina Baugar og bein.

„Þetta gerðist allt mjög hratt og ég er eiginlega enn að átta mig á þessu. En nú er gamall draumur hjá mér að rætast,“ segir Harpa Einarsdóttir fatahönnuður sem ásamt þremur öðrum opnar nýja verslun í Hafnarfirði.

„Ég flutti í Hafnarfjörð fyrir stuttu og var að leita mér að húsnaði fyrir vinnustofu. Þá rakst ég á viðtal við Birtu í Júniform og sá að hún var búin að selja reksturinn, svo ég hafði samband við hana og í framhaldi af því var ég komin með lykila að nýju búðinni minni,“ segir hún.

Verslunin mun heita Baugar og bein eftir nýjustu fatalínu Hörpu, Skulls and halos, sem er lýsandi fyrir verk Hörpu en hún vinnur mikið með myrkur og dulúð.

„Þetta verður að mestu leyti íslensk hönnun og list, en ég er einnig í viðræðum við nokkra hönnuði frá Skandinavíu. Við

„Pá rakst ég á viðtal við Birtu í Júniform og sá að hún var búin að selja reksturinn, svo ég hafði samband við hana og í framhaldi af því var ég komin með lykila að nýju búðinni minni.“

erum, eins og staðan er í dag, tveir fatahönnuðir, ljósmyndari og svo er ein okkar að gera einstakar bád-vörur en við munum auglýsa betur þegar nær dregur,“ segir Harpa.

Hún ætlar sér inn í reksturinn af hógværd og vonast til að þetta fái að vaxa af sjálfu sér. „Við stefnum á að hafa heitt á könnunni í desember, það verður notalegt að koma í jólabæinn Hafnarfjörð og við vonumst til að fá sem flesta í heimsókn.“

- asi



HARPA EINARSDÓTTIR Flutti í Hafnarfjörð fyrir stuttu og var að leita sér að húsnaði fyrir vinnustofu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FYNDNAR VINKONUR Júlíana og Vala taka á mörgum vandamálum og vandræðalegum aðstæðum í þáttunum og snúa upp í grín. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við leyfum okkur að vera asnalegar

Leikkonurnar og vinkonurnar Júlíana Sara Gunnarsdóttir og Vala Kristín Eiríksdóttir fengu hugmynd að leikriti sem þróaðist í sketsapætti. Þær vilja fá fleiri stelpur í grínið og hvetja þær til þess að þora og fara alla leið.

Nú standa yfir tókur á nýjum grínsketsapáttum, en höfundar og aðalleikkonur þeirra eru þær Júlíana Sara Gunnarsdóttir og Vala Kristín Eiríksdóttir.

„Hugmyndin að þáttunum kom út frá því að okkur langaði að gera leiksýningu, en hugmyndirnar voru svo sketsakenndar að það passaði ekki,“ segir Júlíana, en hún lauk leiklistarnámi fyrr á árinu frá Rose Bruford í Englandi og Vala er á þriðja ári í leiklist í Listaháskóla Íslands.

Í þáttunum koma fyrir bæði persónur sem koma oft fyrir í gegnum seríuna, en aðrar bara í stökum sketsum. „Þetta verður alls konar, við tökum á alls konar vandamálum hvort sem það eru stelpuvandamál eða þjóðfélagsvandamál,“ segir Vala.

Þær tvær sjá að mestu um allan leik í þáttunum, en aðrir leikarar munu koma við sögu. Fyrst ætluðu þær að vinna út frá ákveðnu þema, en fljótlega sáu þær að hugmyndirnar voru of fjölbreyttar. „Við erum smá að fara alla leið með sumt grín í þáttunum og húmorinn kannski svolítið svartur, en markmiðið er aldrei að sjokkera,“ segir Júlíana.

Þær segja það hafa hjálpað þeim mikið að vera vinkonur fyrir, en þær kynntust í Versló. „Það er ótrúlega gott að vinna með vinkonu sinni í svona, maður er ekki eins hræddur við að hin drulli yfir hugmyndirnar manns,“ segir Vala, en bætir við: „En svo getur verið ótrúlega erfitt að leika saman, til dæmis að horfast í augu. Mér finnst hún oft

svo sjúklega fyndin að ég fer að hlæja, en það væri kannski annað ef þetta væri ekki besta vinkona mín.“

Aðspurðar hvort þeim finnst vanta stelpur í grín, segja þær svo vera, en eru sammála um að nú sé ákveðin vitundarvakning í gangi.

„Stelpurnar eru frumkvöðlar í stelpugríni og Saga Garðars líka, en það vantar fleiri stelpur sem gera grín að stelpum. Það er eins og sumt megi bara vera fyndið ef strákar gera það,“ segir Júlíana og bætir við að stelpur verði að þora að fara alla leið með grínið.

„Við dæmum hvor aðra svo hart að við þorum ekki að fara alla leið, vera fyndnar og vera alveg sama. Við verðum að leyfa okkur að vera asnalegar,“ segir Vala.

adda@frettabladid.is



STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og itarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lífandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð. Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

FÉLAG FASTEIGNASALA

VÍSIR

DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY
FREE FREE FREE FREE FREE FREE FREE FREE FREE
DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY DUTY
FREE FREE FREE FREE FREE FREE FREE FREE FREE

DUTY FREE

**AFNEMUM VÖRUGJÖLD* AF ÖLLUM HLJÓMTÆKJUM,
HEIMABÍÓKERFUM, HÁTÖLURUM, HEYRNARTÓLUM, BLU-RAY
SPILURUM OG SJÓNVÖRÐUM FRÁ LG, YAMAHA, PANASONIC, SONOS,
TOSHIBA, HARMAN KARDON, JBL, THOMSON, TDK OG FINLUX**



- Triple XD örgjörvi
- Háskerpu upplausn
- Einfalt en vandað



- Viera Connect snjallsjónvarp
- Háskerpu upplausn
- Vreal Smart örgjörvi



- 700Hz TrueMotion
- 3D háskerpu IPS skjár
- Fullkomið snjallsjónvarp



- 1200Hz Back Light Scanning
- Brilliant Contrast
- Viera Connect snjallsjónvarp
- Bluetooth þráðlaus tenging
- Dual-Core örgjörvi



- Snjallsjónvarp
- Þráðlaust Wi-Fi
- Einfalt
- AMR+ 100
- 3D digital comb filter

*Jafngildir 20% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25% vörugjöld af þessum tækjum. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Sjónvarpsmiðstöðvarinnar. Í einhverjum tilfellum er verðlækkun enn meiri.

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

DUTY FREE

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGAÐEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Björk og borgarstjórinn á Airwaves

Tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves lauk í gær, en fjöldi erlendra og innlendra gesta skemmti sér á tónleikum víðsvegar um borgina frá miðvikudegi til sunnudagskvölds. Á föstudagskvöldið sást borgarstjórinn Dagur B. Eggertsson dilla sér við tóna sænsku tónlistarkonunnar Zhala í Norðurljóssasal Hörpunnar. Söngkonan **Björk Guðmundsdóttir** mætti ásamt fríðu föru-neyti þegar sænska hljómsveitin The Knife troðfyllti Silfurbergið í Hörpunni á laugardagskvöld, en þar var einnig mættur Jónsi í Sigur-rós.



Emilfana í Kron by Kronkron

Tónlistarkonan **Emilfana Torrini** birti mynd á Instagram-síðu sinni í gær, þar sem hún tilkynnti að á tónleikaferðalagi sínu myndi hún klæðast Kron by Kronkron, íslenskrí hönnun eftir þau Magna Þorsteinsson og Hugrúnu Árnadóttur. Merkið hefur nú þegar vakið mikla athygli utan landsteinanna, en í byrjun september kynntu þau merkið á lokuðum viðburði fyrir Emmy- og MTV-verðlaunin í Los Angeles. Tónleikaferð Emilfönu hefst á miðvikudag í Ístanbúl í Tyrklandi.



Mest lesið **vísir**

- 1 Haturskomentin nú fleiri en fimm hundruð
- 2 Vilja heim til Íslands en fastir í Noregi
- 3 Kannabísæktun á Klapparstíg: Ekki hægt að sanna brot leigjandans
- 4 Lágtekjufólk fái mest
- 5 Lögreglan á Suðurnesjum leitar að þýskum ferðamanni

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation + you



með Android **PHILIPS**

Heimilistæki
ht.is


RÚMIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM!

DR. MICHAEL BREUS PhD - OFT KALLAÐUR DR. SVEFN

Dr. Michael J. Breus er sálfræðingur sem hefur sérhæft sig í svefni. og þá sérstaklega í svefnröskunum. Hann er einn af einungis 163 einstaklingum í heiminum með þessa menntun. Dr. Breus hefur skrifað mikinn fjölda greina og komið reglulega fyrir í sjónvarpsþáttum þar sem hann fjallar um mikilvægi þess að sofa á góðri dýnu. Dr. Breus er hönnuður og framleiðandi The Dr. Breus Bed, en það eru fyrstu og einu rúmin sem hönnuð eru af svefnlækni. Hann hannar og framleiðir rúm í samstarfi við King Koil.

Þín svefn - Þín heilsa - Þitt líf

Fáðu meiri upplýsingar um Dr. Breus og rúmin hans á www.rekkjan.is



The Dr. Breus Bed®

- EINU RÚMIN SEM ERU HÖNNUÐ AF SVEFNLÆKNI

comfort solutions.
never stop dreaming™



CONTINUITY
(Queen Size 153x203 cm)

NÚ MED 20% KYNNINGARAFSLÆTTI

Verð áður 297.400 kr. **VERÐ NÚ 237.920 kr.**

35% AFSLÁTTUR!

ROYAL - M3
(180x200 cm)
Fullt verð 183.330 kr.

**RÝMINGARVERÐ
119.165 kr.**

- Fimm-svæða skipt poka-gormakerfi
- Þristíjónunarsvampur í toppi sem veitir góða aðlögun
- Botn klæddur með Pu-leðurlíki
- Stálþatur

35% AFSLÁTTUR!

ROYAL - BASE
(90x200 cm)
Fullt verð 67.036 kr.

**RÝMINGARVERÐ
43.574 kr.**

- Þriggja-svæða skipt Bonnel-gormakerfi
- Botn klæddur með Pu-leðurlíki
- Stálþatur

SILVIA

HÆGINDASTÓLL

Fullt verð 43.700 kr.
Verð nú 32.775 kr.

25% AFSLÁTTUR!

FÆST Í SVÖRTU,
HVÍTU OG BRÚNU

rekkjan

H E I L S U R Ú M